

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Ársskýrsla LÍS

2018-2019



Efnisyfirlit

1.	Almenn störf	1
1.1.	Fulltrúaráð 2018-2019	1
1.1.1.	Fulltrúar aðildarfélaganna í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2018-2019..	1
1.1.2.	Fulltrúaskipti	3
1.2.	Framkvæmdastjórn 2018-2019:	3
1.2.1.	Embætti innan framkvæmdastjórnar:.....	4
1.3.	Nefndir	5
1.4.	Almennt fundahald	6
1.5.	Fulltrúar á vegum LÍS	7
	Fulltrúar íslenskra stúdenta í nefndum, ráðum og sjóðum:.....	7
1.6.	Samstarf.....	8
1.6.1.	Samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	8
1.6.2.	Samstarf við Bandalag háskólamanna	12
1.6.3.	Samtal við SÍF.....	14
1.6.4.	Stuðningur við aðildarfélög	15
1.6.5.	Stuðningur við SÍNE.....	15
1.6.6.	Unnið með NLHÍ að fótfestu nemendafélags	15
1.6.7.	Stuðningsyfirlýsing við SHÍ vegna tanngreininga	16
2.	Viðburðir LÍS	16
2.1.	Fundir, ráðstefnur og málþing.....	16
2.1.1.	EUROSTUDENT ráðstefna.....	16
2.1.2.	LÍS á LÝSU: Pallborðsumræður um menntastefnu Íslands til 2030	17
2.1.3.	Hágæði í háskólum og nærumhverfi.....	17

2.1.4.	Fræðslukvöld LÍS.....	18
2.1.5.	5 ára afmæli LÍS.....	19
2.1.6.	Forskot til framtíðar	20
2.1.7.	Málstofa Ráðgjafanefndar Gæðaráðs um stafrænar kennsluaðferðir.....	20
2.1.8.	100 ára fullveldi Íslands.....	21
2.1.9.	Samstöðufundur við Lánasjóð íslenskra námsmanna	21
2.1.10.	Loftslagsverkfall.....	23
2.2.	Vinnuþing.....	24
2.2.1.	Skiptaþing LÍS	24
2.2.2.	Kick-off vinnuþing LÍS.....	25
2.2.3.	Nýársþing.....	25
2.2.4.	Landsþing LÍS 2019.....	26
3.	Alþjóðamál.....	27
3.1.	Almennt.....	27
3.1.1.	Alþjóðanefnd.....	29
3.1.2.	Fundir og ráðstefnur 2018-2019	29
4.	Gæðamál	34
4.1.	Almennt.....	34
4.1.1.	Gæðanefnd	35
4.2.	Gæðaráð	35
4.3.	Ráðgjafanefnd gæðaráðs	35
4.4.	Bologna ministerial conference.....	36
4.5.	BORE II - Bologna Reform in Iceland II.....	36
4.6.	Stúdentaspjallið: „Hvað eru eiginlega gæði náms?“	37
4.7.	Samkomulag á milli stúdenta og háskóla um stúdentafulltrúa.....	38

5.	Jafnréttismál.....	38
5.1.	Almennt.....	38
5.1.1.	Jafnréttisnefnd.....	39
5.2.	Jafnréttisstefna LÍŠ.....	39
5.3.	Réttinda-ronja.....	39
6.	Markaðsmál.....	40
6.1.	Almennt.....	40
6.1.1.	Markaðsnefnd	40
6.2.	Kynningar á LÍŠ	40
6.2.1.	Kynningarfundir með aðildarfélögum	40
6.2.2.	Framadagar	41
6.2.3.	Háskóladagurinn	41
6.3.	Fimm ára afmæli LÍŠ	41
6.4.	Herferð um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.....	42
6.5.	Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍŠ	44
6.5.1.	Heimasíða	44
6.5.2.	Facebook og twitter.....	45
6.5.3.	Instagram.....	45
6.6.	Varningur	46
7.	Fjármál	46
7.1.	Almennt.....	46
7.1.1.	Fjármálanefnd	47
7.2.	Umsókn um styrk hjá Erasmus+	47
8.	Innra starf	48
8.1.	Nýtt skipulag LÍŠ	48

8.2.	Laga- og verklagsbreytingar.....	48
8.2.1.	Almennt.....	48
8.2.2.	Lagabreytingarnefnd.....	49
9.	Önnur verkefni	49
9.1.	Student Refugees.....	49
10.	Umsagnir, bréf og yfirlýsingar.....	51
10.1.	Umsögn vegna nýrra úthlutunarreglna LÍN 2018-2019	51
10.2.	Yfirlýsing vegna hafinnar vinnu við gerð menntastefnu Íslands til ársins 2030	51
10.3.	Yfirlýsing í ljósi endurskipunar í embætti framkvæmdastjóra LÍN	51
10.4.	Stuðningsyfirlýsing vegna Druslugöngunnar 2018	51
10.5.	Bréf til félags- og jafnréttismálaráðherra um samstarf við stúdentahreyfingar um uppbyggingu félagslegs húsnæðis.....	52
10.6.	Yfirlýsing vegna fjárlagafrumvarps 2019.....	52
10.7.	Stuðningsyfirlýsing við SHÍ vegna tanngreininga á hælisleitendum innan Háskóla Íslands	52
10.8.	Stuðningur við doktorsnema vegna niðurskurða til rannsóknasjóðs	53
10.9.	Umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur	53
10.10.	Umsögn við tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi	53
10.11.	Yfirlýsing vegna starfsnáms stúdenta.....	53
10.12.	Athugasemdir við fjárhagsáætlun ríkisins 2020-2024.....	54
11.	Samtal við stjórnmalaflokka	54
11.1.	Aðrir fundir með hagaðilum.....	55
12.	Þátttaka í pallborðum og málþingum.....	56

1. Almenn störf

1.1. Fulltrúaráð 2018-2019

Á landsþingi LÍS 2018 var nýtt stjórnskipulag samtakanna samþykkt. Með því var innleitt fulltrúaráð með tveimur fulltrúum og tveimur varafulltrúum frá hverju aðildarfélagi. Nýtt fulltrúaráð tók við á skiptafundi þann 15. maí. Í fyrsta skipti í sögu samtakanna var haldið skiptaþing helgina 18. - 20. maí 2018 þar sem fráfarandi framkvæmdastjórn kynnti starf samtakanna fyrir nýju fulltrúaráði og framkvæmdastjórnarmeðlimum. Fulltrúaráð var þó ekki þar með fullskipað en eins og sést á upptalningu hér að neðan voru sæti fjögurra aðalfulltrúa og sex varafulltrúa óskipuð við skrif þessarar skýrslu, sumar þessara staða voru þó skipaðar á einhverju tímabili starfsársins.

Skipulag fulltrúaráðs samkvæmt núverandi lögum er þannig háttað að formaður tekur sæti í fulltrúaráði en hefur einungis atkvæðisrétt ef atkvæði falla að jöfnu. Að formanni meðtöldum sátu 13 í fulltrúaráði LÍS 2018-2019.

1.1.1. Fulltrúar aðildarfélaga í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2018-2019

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

(SHA)

Aðalmenn:

Ágústa Skúladóttir

Sólveig María Árnadóttir

Varamenn:

Andrés Tryggvi Jakobsson

Björn Auðunn Ólafsson

Nemendafélag Háskólans á Bifröst

(NFHB)

Aðalmenn:

Steinþór Jón Gunnarsson

Leifur Finnbogason

Varamenn:

Ingi Hilmar Sigurðsson

Kristófer Kristjánsson

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla

Íslands (NLBHÍ)

Aðalmenn:

Styrmir Níelsson

Eva Margrét Árnadóttir

Varamenn:

Óskipað

Óskipað

Nemendaráð Listaháskóla Íslands (NLHÍ)

Aðalmenn:

Jóhanna Ásgeirsdóttir

Óskipað

Varamenn:

Óskipað

Óskipað

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Aðalmenn:

Eygló María Björnsdóttir

Ketill Antoníus Ágústsson

Varamenn:

Brynja Birgisdóttir

Hinrik Helgason

Stúdentafélag Hólaskóla (SH)

Aðalmenn:

Óskipað

Óskipað

Varamenn:

Óskipað

Óskipað

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ)

Aðalmenn:

Elísabet Brynjarsdóttir

Sonja Jónsdóttir

Varamenn:

Ester Rún Antonsdóttir

Þórhallur Valur Benónýsson

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

Aðalmenn:

Hjördís Jónsdóttir

Óskipað

Varamenn:

Gauti Skúlason

Jóhann Gunnar Þórarinnsson



1.1.2. Fulltrúaskipti

- Guðmundur Haraldsson tók við sem fulltrúi SÍNE í staðinn fyrir Jóhann Gunnar í ágúst 2018. Jóhann Gunnar tók þá stöðu varafulltrúa.
- Alda Marín Kristensdóttir, fulltrúi Hóla sagði af sér í ágúst 2018
- Lísá Rúnarsdóttir sagði sig úr fulltrúaráði í lok ágúst 2018. Ágústa Skúladóttir tók við sem fulltrúi SHA.
- Styrmir Níelsson sagði af sér sem fulltrúi NLBHÍ þegar hann fluttist erlendis í september 2018. Eva Margrét Árnadóttir tók við af honum.
- Ásdís Helga fór úr sæti fulltrúa yfir í varafulltrúa í nóvember 2018. Helgi Grímur Hermannsson tók við sem fulltrúi NLHÍ.
- Styrmir Níelsson kom aftur í fulltrúaráð í janúar 2019 sem fulltrúi fyrir hönd NLHÍ.
- Guðmundur Haraldsson sagði af sér sem fulltrúi SÍNE í janúar 2019.
- Helgi Grímur Hermannsson sagði af sér sem fulltrúi NLHÍ í janúar 2019.
- Aron V. Gunnlaugsson sagði af sér sem varafulltrúi NFHB í janúar 2019. Ingi Hilmar Sigurðsson tók við af honum.

1.2. Framkvæmdastjórn 2018-2019:

Í kjölfarið af nýju stjórnskipulagi LÍS þurfti að auglýsa eftir framboðum í óskipuð embætti framkvæmdastjórnar að landsþingi liðnu. Kosningar fóru fram þann 15. maí 2018 á skiptafundi. Þá bárust einungis framboð í stöður varaformanns, ritara og markaðsstjóra. Í framhaldi var opnað aftur fyrir framboð til fjármálastjóra og jafnréttisfulltrúa og kosið í þær stöður á fundi fulltrúaráðs



18. júní 2018. Að því loknu var framkvæmdastjórn fullmönnuð og fyrsti fundur framkvæmdastjórnar átti sér stað tveimur dögum síðar, 20. júní 2018.

Í nóvember 2018 sagði markaðsstjóri LÍS, Sandra Rún Jónsdóttir, af sér embætti og var opnað þar með fyrir framboð til markaðsstjóra. Kamilla Dögg

Guðmundsdóttir var kosin markaðsstjóri með rafrænni kosningu fulltrúaráðs þann 20. nóvember.

Á fundi fulltrúaráðs þann 26. júlí veitti fulltrúaráð framkvæmdastjórn heimild til að bæta við 40% stöðugildi á skrifstofu samtakanna. Ákveðið var að varaformaður LÍS, Teitur Erlingsson, myndi fylla þá stöðu. Þessi viðbót á skrifstofu LÍS hefur verið ómetanleg. Umfang starfsemi LÍS hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og því augljós þörf á fleiri stöðugildum á skrifstofu. Stefna ætti að því á komandi starfsárum að fjölga stöðugildum, en það er ákjósanlegasti kosturinn í ljósi umfangs starfseminnar.

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/vilt-thu-vera-med>

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/2018/6/2/frambodsfrestur-framlengdur>

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/fullskipun-og-fyrsti-fundur-framkvmdastjrnar>

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/2018/12/19/nr-markasstjri-ls>

1.2.1. Embætti innan framkvæmdastjórnar:

Formaður: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Varaformaður: Teitur Erlingsson

Alþjóðaforseti: Salka Sigurðardóttir

Gæðastjóri: Aldís Mjöll Geirsdóttir

Ritari: Sigrún Jónsdóttir

Fjármálastjóri: Kristín Þóra Jónsdóttir

Jafnréttisfulltrúi: Sonja Björg Jóhannsdóttir

Markaðsstjóri: Kamilla Dögg Guðmundsdóttir

1.3. Nefndir

Lögbundnar nefndir LÍS eru sex talsins en þær eru alþjóðanefnd, fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, lagabreytinganefnd og markaðsnefnd. Þá er LÍS einnig heimilt samkvæmt lögum sínum að setja á fót aðrar undirnefndir.

Í ágúst 2018 var opnað fyrir umsóknir í nefndir LÍS og bárust umsóknir í allar nefndir, alls 27 umsóknir. Sótt var um í gegnum umsóknarform á heimasíðu samtakanna líkt og á starfsárinu á undan og fórst það vel úr hendi. Hver formaður nefndar fór yfir þær umsóknir sem bárust í sína nefnd. Í framhaldi funduðu formenn nefndanna með umsækjendum og völdu inn að því loknu.

Nánar verður fjallað um hverja nefnd og verkefni þeirra hér að neðan.

Nefndarmeðlimir starfsársins 2018-2019 voru eftirtaldir aðilar:

Alþjóðanefnd

Salka Sigurðardóttir, alþjóðaforseti

Anastasía Jónsdóttir

Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir

Karítas Eik Sandholt

Polina Diljá Helgadóttir

Fjármálanefnd

Kristín Þóra Jónsdóttir, fjármálastjóri

Aníta Eir Jakobsdóttir

Ísak Eyfjörð Arnarson

Tómas Kolbeinn Georgsson

Gæðanefnd

Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri

Vigdís Ólafsdóttir

Emil Robert Smith

Ketill Antoníus Ágústsson

Jafnréttisnefnd

Sonja Björg Jóhannsdóttir, jafnréttisfulltrúi

Alexandra Geirsdóttir

Arna Guðnadóttir

María Rún Þrándardóttir

Sigrún Alua

Lagabreytingarnefnd

Teitur Erlingsson, varaformaður

Sigrún Jónsdóttir, ritari

Markaðsnefnd

Kamilla Dögg Guðmundsdóttir, markaðsstjóri

Tómas Leó Halldórsson

Eygló Kristinsdóttir

1.4. Almennt fundahald

Fulltrúaráð LÍŠ skal funda á sex vikna fresti að lágmarki samkvæmt lögum samtakanna. Samþykkt var á fulltrúaráðsfundi að hafa fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Í lögum LÍŠ er einnig kveðið á um að fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara og að fundargögn skuli berast að minnsta kosti tveimur sólarhringum fyrir fund. Samþykkt var í upphafi starfsárs að fullnægjandi boðun væri með tölvupósti frá formanni. Einnig var samþykkt að leitast skildi við það að koma fundargögnum til skila með meira en tveggja sólarhringa fyrirvara til þess að tryggja að fulltrúar hefðu fullnægjandi tíma til að kynna sér fundargögn. Til þessa hafa fundir fulltrúaráðs verið níu talsins.



Fundargerðir þeirra má nálgast í viðhengi. Gera má ráð fyrir að fundað verði tvisvar í viðbót að landsþingi loknu til viðbótar við skiptafund í maí.

Allir fundir hafa farið fram í húsnæði BHM.

Framkvæmdastjórn LÍS skal funda að minnsta kosti einu sinni á þriggja vikna fresti samkvæmt lögum samtakanna. Samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar að fundað skyldi með tveggja vikna fresti að jafnaði. Fundi skal boða með tryggum hætti að minnsta kosti viku fyrir fundardag. Samþykkt var í upphafi starfsárs að fullnægjandi boðun væri með tölvupósti frá formanni. Fundir framkvæmdastjórnar hafa hingað til verið fjórtán talsins og má nálgast fundargerðir þeirra í viðhengi. Gera má ráð fyrir þremur fundum til viðbótar á starfsárinu að landsþingi loknu, til viðbótar við skiptafund. Allir fundir hafa farið fram í húsnæði BHM.

Viðhengi 1: Fundargerðir fulltrúaráðs.

Viðhengi 2: Fundargerðir framkvæmdastjórnar.

1.5. Fulltrúar á vegum LÍS

Fulltrúar íslenskra stúdenta í nefndum, ráðum og sjóðum:

- Nýsköpunarsjóður námsmanna. Aðalfulltrúi: Yrsa Úlfarsdóttir. Varamaður: Einar Gunnarsson. Skipunartímabil: 2017-2020.
- Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla. Tveir aðalfulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir. Skipunartímabil: 2017 til 2020.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Áheyrnarfulltrúi LÍS: Erna Sigurðardóttir. Skipunartímabil: 2017-2019.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Aðalfulltrúi: Robert Henthorn. Skipunartímabil: 2017 til 2019.
- Samstarfsráð um fagháskólanám. Aðalfulltrúi: Alexandra Ýr van Erven. Skipunartímabil: 2019.
- Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Aðalfulltrúi: Daníel Isebarn Ágústsson. Varamaður: Erna Kristín Blöndal. Skipunartímabil: 2018 til 2020.

- Verkefnastjórn í mennta- og menningarmálaráðuneyti sem endurskoðar lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Tveir aðalfulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Ragnar Auðun Árnason.
- Verkefnastjórn vegna aðgerða til að efla nýliðun kennara og sporna við brotthvarfi úr kennarastétt. Aðalfulltrúi: Sigurður Vopni Vatnsdal

1.6. Samstarf

1.6.1. Samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1.6.1.1. Samningaviðræður

Ritað var undir annan þjónustusamning LÍŚ við mennta- og menningarmálaráðuneytið þann 12. apríl 2018. Hljóðaði sá samningur upp á fimm milljónir króna fyrir starfsemi samtakanna almanaksárið 2018, líkt og fyrri samningur sem ritað var undir árið 2017. Samtökin hafa verið í stöðugu samningaferli við ráðuneytið yfir starfsárið en þann 22. ágúst 2018 átti framkvæmdastjórn fund með mennta- og menningarmálaráðherra og ræddu aukið fjármagn. Framkvæmdastjórn mætti þar með áætlun sem má nálgast í viðhengi. Hún gerði ráð fyrir því fjármagni sem nauðsynlegt væri til þess að geta sinnt þörfum samtakanna til fullnustu en sú upphæð hljóðaði upp á 23 milljónir króna. Ráðherra tók vel í umleitan LÍŚ en tók fram að ráðuneytið yrði ekki fært um að mæta þeirri hækkun sem farið var fram á. Í hönd fór langt samningsferli þar sem fundað var með Þórarni V. Sólmundarsyni, sérfræðingi í ráðuneyti, nokkrum sinnum yfir starfsárið. Einnig átti sér stað stefnumótunarfundur LÍŚ þann 12. september þar sem fulltrúum aðildarfélaganna var boðið að taka þátt í að móta áætlun um vöxt LÍŚ til næstu fimm ára og forgangsraða þáttum starfseminnar eftir fjármagni. Niðurstöður fundarins voru nýttar í gerð fjármagnsáætlunar sem var lögð fyrir ráðuneytið. Afrakstur stefnumótunarinnar má nálgast í viðhengi.

Fór það svo að á fundi í ráðuneyti þann 12. febrúar síðastliðinn var samþykkt að skrifað yrði undir fimm ára samning upp á níu milljónir á ári. Innifalið í samningnum verður endurskoðun, þar sem samtökunum verður gert kleift að sækjast eftir auknu fjármagni eftir að tvö til þrjú ár eru liðin af samningstímanum. Nýjum samningi fylgja ákveðnar breytingar í samskiptum á milli LÍŚ og ráðuneytisins þar sem LÍŚ fá tvo fasta fundi á ári með ráðuneytinu til þess að ræða verkefni sem fyrir liggja. Eins munu LÍŚ þurfa að skila greinargóðri skýrslu á hverju ári þar sem farið verður

yfir verkefni og fjárútlát. Þessi hækkun er mikil innspýting í starfsemi samtakanna og með þessu móti verður unnt að auka við stöðugildi á skrifstofu og standa undir kostnaði reglubundinnar starfsemi án þess að reiða sig á styrkjaveitingu frá þriðja aðila. Þar er landsþing verulega mikilvægt en hingað til hefur fjármögnun þess eingöngu komið úr styrkveitingum.

Ekki hefur enn verið skrifað undir nýjan samning en framkvæmdastjórn bíður átekta eftir því að heyrja frá ráðuneyti vegna þess.

Viðhengi 3: Samningur milli LÍS og MRN,

Viðhengi 4: upprunaleg tillaga framkvæmdastjórnar um fjárveitingu og endanleg tillaga.

1.6.1.2. Samstarfsnefnd um fagháskóla

Í janúar 2019 barst samtökunum bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þess efnis að ákveðið var að skipa að nýju í samstarfsráð um fagháskóla. Hlutverk samstarfsráðsins er að fjalla um og meta verkefni sem njóta styrkja þróunarsjóðs og nýta niðurstöður þeirra til þess að móta tillögur um framtíðartilhögun fagháskólanáms. Ákveðið var að leita til aðildarfélaga um tilnefningar í ráðið. Ein tilnefning barst og kosið var um hana á fundi fulltrúaráðs þann 7. janúar 2019. Úr varð að Alexandra Ýr van Erven situr í ráðinu fyrir hönd LÍS. Ráðið hefur enn ekki átt sinn fyrsta fund en framkvæmdastjórn er í góðum samskiptum við fulltrúa um framgang mála.

1.6.1.3. Verkefnastjórn vegna aðgerða til þess að efla nýliðun kennara og sporna við brotthvarfi úr kennarastétt

Í október 2018 barst samtökunum bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað var eftir tilnefningu frá LÍS um fulltrúa stúdenta í verkefnastjórn á vegum ráðuneytisins um aðgerðir til að efla nýliðun kennara og sporna við brotthvarfi úr kennarastétt. Það var ánægjulegt að sjá ráðuneytið grípa til aðgerða vegna þessa, sérstaklega í ljósi ályktunar sem samþykkt var á landsþingi LÍS 2018 þar sem kallað var eftir aðgerðum vegna yfirvofandi skorts á kennurum á Íslandi. Kallað var eftir umsóknum innan aðildarfélaga og eftir atkvæðagreiðslu í fulltrúaráði voru Sigurður Vopni Vatnsdal úr Háskóla Íslands og Sólveig María Árnadóttir úr Háskólanum á Akureyri tilnefnd af samtökunum. Sigurður var skipaður af ráðuneytinu og situr í verkefnastjórninni fyrir hönd LÍS, búist er við því að verkefnastjórnin muni starfa til ársloka 2019.

1.6.1.4. Verkefnastjórn í MRN um endurskoðun á lögum um LÍN

Á síðasta starfsári tilnefndu LÍŠ tvo fulltrúa stúdenta, Aldísi Mjöll Geirsdóttur og Ragnar Auðun Árnason í verkefnastjórn í mennta- og menningarmálaráðuneyti um endurskoðun á lögum um LÍN. Þar unnu fulltrúar stúdenta eftir áherslum sem samþykktar voru á síðasta starfsári. Í verkefnastjórninni voru einnig Gunnar Ólafur Haraldsson, formaður og hagfræðingur, Agnes Guðjónsdóttir, varaformaður og lögfræðingur, Davíð Freyr Jónsson, frumkvöðull, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN og Andri Gunnarsson, lögmaður.

Vinnan einkenndist mikið af ólíkum skoðanaskiptum og þar af leiðandi var deilt um mörg málefni. Verkefnastjórnin skilaði loks af sér áformum um lagasetningu sem unnið var áfram með í ráðuneytinu í samstarfi við Seðlabanka Íslands. Ráðherra hélt kynningarfund fyrir verkefnastjórnina 20. mars, framkvæmdastjórn LÍŠ 21. mars og stjórn LÍN 22. mars. Fjallað var lauslega um nýtt lánasjóðskerfi í fjölmiðlum 22. mars 2019.

Það verður spennandi að sjá hvernig og hvort áformin breytast vegna innra samráðs og þá í framhaldi hvernig drög að frumvarpi munu loks líta út þegar þau verða sett í samráðsgáttina, en samkvæmt áætlun á það að gerast í júní 2019.

1.6.1.5. Fundir með menntamálaráðherra

Fulltrúar LÍŠ funduðu með Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, nokkrum sinnum yfir starfsárið af mismunandi tilefnum.

Þann 22. ágúst 2018 fundaði framkvæmdastjórn LÍŠ með ráðherra um nýjan þjónustusamning á milli ráðuneytis og samtakanna en LÍŠ höfðu lagt mikla áherslu á það að þörf væri á samningi til lengri tíma og auknu fjármagni. Ráðherra tók vel í kröfur LÍŠ og fylgdu eftir þær samningaviðræður sem farið var yfir hér að ofan. Lilja undirstrikaði sérstaklega velþóknun sína á starfsemi samtakanna og mikilvægi hennar fyrir starfsemi ráðuneytisins.

Þegar frumvarp til fjárlaga 2019 var lagt fram skrifuðu LÍŠ yfirlýsingu þar sem samtökin gagnrýndu dræma innspýtingu í háskólakerfið og undirstrikuðu hversu áriðandi væri að ná meðaltali OECD landanna um fjármögnun háskólakerfisins og síðan meðaltali Norðurlandanna, en íslenskt háskólakerfi stendur þar töluvert höllum fæti. Í kjölfar þessa funduðu fulltrúar framkvæmdastjórnar með ráðherra þar sem ólíkar áherslur beggja aðila og túlkun á fjárlögun voru rædd. Þrátt fyrir það að aðilar á fundinum væru ekki sammála var samtalið sem þar fór fram gott

og LÍŠ sátt með þau viðbrögð ráðherra að vilja fá þau að borðinu og hlusta á áherslur og gagnrýni stúdenta.

Í janúar 2019 óskuðu LÍŠ eftir fundi með ráðherra til þess að ræða LÍN og úthlutunarreglur sjóðsins. Þetta var gert í takt við herferðina um úthlutunarreglur LÍN undir yfirskriftinni *Stúdentar mega ekki hafa það betra*. Fékkst fundur með ráðherra þann 29. janúar 2019 en hann sóttu varaformaður LÍŠ, fulltrúar LÍŠ í verkefnastjórn um endurskoðun lánasjóðsins og tveir fulltrúa stúdenta sem sitja í stjórn Lánasjóðsins. Þar komu stúdentar til skila sínum kröfum hvað varðar úthlutunarreglur Lánasjóðsins og eins fékkst tækifæri til þess að ræða við Lilju um væntanlegt frumvarp um Lánasjóð og áframhaldandi tryggja aðkomu stúdenta að vinnslu þess.

Þann 23. mars 2019 voru meðlimir framkvæmdastjórnar LÍŠ boðaðir á fund ráðherra til að ræða nýtt frumvarp um breytingar á lögum um LÍN. Þar var fulltrúum LÍŠ kynnt fjármögnun nýja kerfisins sem og áform um breytingar á lögnum í heild. Þá fengu framkvæmdastjórnarmeðlimir einnig að spyrja ráðherra út í fyrirhugað kerfi.

Viðhengi 5: Erindisbréf frá fundi 22. ágúst.

Viðhengi 6: Erindisbréf frá fundi 29. janúar.

1.6.1.6. EUROSTUDENT-könnun

Niðurstöður EUROSTUDENT VI könnunarinnar lágu fyrir í byrjun mars 2018. Það var í fyrsta skipti sem niðurstöður frá Íslandi lágu fyrir í þeirri yfirlitsskiptu könnun sem fer fram í 28 mismunandi Evrópulöndum og nær til fjölda félagslegra þátta um stúdentahópinn. Það er mikið framfaraskref fyrir Ísland að hafa tekið þátt í þessari könnun en þetta var í fyrsta skipti sem opinberar upplýsingar sem þetta eru til handar um stúdentahópinn á Íslandi. Á vormánuðum tóku LÍŠ þátt í því að halda ráðstefnu um niðurstöðurnar ásamt Rannís og ráðuneytinu.

Nú á vormánuðum 2019 verður næsta könnun, EUROSTUDENT VII, send út til stúdenta til þess að svara. Aftur munu LÍŠ taka þátt í því verkefni í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti en það er mjög mikilvægt að reyna að ná í gegn enn betri svörun stúdenta í könnuninni til þess að ná greinarbetri og hnitmiðaðri upplýsingum.

[*Hér má nálgast landsskýrslu Íslands um niðurstöður EUROSTUDENT VI.*](#)

1.6.2. Samstarf við Bandalag háskólamanna

1.6.2.1. Samningaviðræður

Þann 18. maí 2018 endurnýjuðu LÍS og BHM samstarfssamning sinn í þriðja skiptið. Fast samstarf hefur verið á milli félaganna frá árinu 2016 þegar LÍS fluttust inn í skrifstofuhúsnæði BHM. Samningurinn felur meðal annars í sér að LÍS eigi rétt til þátttöku í stefnumótun BHM um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál og að BHM muni leita til LÍS um málefni sem Bandalagið ályktar um og varðar stúdenta. Einnig að aðilar beiti sér sameiginlega fyrir því að settar verði skýrar reglur um starfsnám á háskólastigi. Auk þess eru LÍS og BHM til ráðgjafar um hugsanlegar breytingar á LÍN sem og tengiliður Bandalagsins við Gæðaráð íslenskra háskóla.

Nýr samningur verður undirritaður á næstunni en félögin eru í samtali í þessum skrifstofuorðum. Gildistími núverandi samnings er frá 18. maí 2018 til 31. maí 2019.



<http://studentar.is/frettir-og-greinar/ls-og-bhm-endurnja-samstarfssamning>

Viðhengi 7: Samningur á milli LÍS og BHM

1.6.2.2. Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða

Samkvæmt samningi LÍS og BHM fá samtökin afnot af skrifstofuaðstöðu BHM. Til viðbótar hafa samtökin aðgang að fundaraðstöðu og kaffistofu sem og annarri þjónustu. Það er báðum aðilum til

hagsbóta að vera undir sama þaki þar sem ýmis hagsmunamál ganga saman þeirra á milli, einnig hafa LÍŠ mikinn hag af því að geta sótt í þá þekkingu sem er til staðar í BHM.

LÍŠ fluttu skrifstofu sína af annarri hæð í Borgartúni og upp á þriðju hæð í lok ágúst 2018 en miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í húsnæði BHM með bættri og stærri fundaraðstöðu sem og meira skrifstofuplássi. LÍŠ hafa nýtt skrifstofuaðstöðuna til fullnustu en formaður og varaformaður hafa nýtt hana til daglegra starfa auk þess að allir framkvæmdastjórnarmeðlimir hafa nýtt sér aðstöðuna til þess að sinna hinum ýmsu verkefnum sem felast í starfi LÍŠ.

Allir fundir framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs hafa verið haldnir í fundaraðstöðu BHM. Eins nýttu nefndir samtakanna sér fundaraðstöðuna töluvert og flestallir nefndafundir voru haldnir í Borgartúni.

1.6.2.3. Fræðsluferferð um kjaramál á vinnumarkaði

Samkvæmt samningi eiga félögin að standa sameiginlega að kynningu á kjara- og réttindamálum háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Fulltrúar LÍŠ og BHM funduðu nokkrum sinnum í byrjun starfsárs og ákváðu að bregða útaf því að vera með málstofu eða fundarraðir, eins og var gert á síðasta starfsári, og fara frekar í fræðsluferferð um kjara- og réttindamál. Herferðin, sem mun fara í loftið á vormánuðum þessa árs, er unnin upp úr þeim áherslupunktum sem LÍŠ töldu mikilvægt að auka meðvitund og fræðslu á meðal stúdenta um. Þar á meðal eru líffeyrismál, kjaramál og aukin meðvitund um virkni og tilgang stéttarfélaganna. Herferðin, sem mun fyrst og fremst fara í dreifingu á samfélagsmiðlum, mun samanstanda af leiknum myndböndum með samtali þar sem þessi málefni eru rædd.

1.6.2.4. Önnur samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni hafa verið ýmis á síðasta starfsári. Til að minnast héldu bæði félög upp á stofnafmæli sín haustið 2018, LÍŠ fimm ára og BHM 60 ára. Að því tilefni skrifaði Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, pistil um samstarf félaganna og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍŠ, kom fram í afmælismyndbandi BHM þar sem hún talaði um mikilvægi samstarfsins.

Á alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn 10. október 2019 skrifuðu formenn félaganna pistil undir titlinum *Bættum aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu*. Þar var staða íslenskra stúdenta þegar kemur að geðheilsu ávörpuð með tilliti til niðurstaðna EUROSTUDENT könnunarinnar og

það undirstrikað að mikilvægt er að allir íslenskir háskólar bjóði upp á viðeigandi ráðgjöf og þjónustu.

Í kjölfar þess að BHM gerði athugasemdir við auglýsingu félagsmálaráðuneytis um ólaunað starfsnám stúdenta gáfu LÍS út yfirlýsingu þann 22. janúar 2019 þar sem samtökin lýstu yfir stuðningi við athugasemdir BHM. Þar voru kröfur beggja félaga tíundaðar um þörf á því að skýrar reglur sé gerðar um starfsnám á háskólastigi í samráði við bæði félög.

BHM gáfu þá einnig út yfirlýsingu þann 22. febrúar 2019 þess efnis að Bandalagið styddi við kröfur LÍS um hærri framfærslu og frítekjumark í úthlutunarreglum hjá LÍN.

Einnig hafa LÍS gætt þess að halda BHM upplýstum um framgang mála er varðar gerð frumvarps um nýjan Lánasjóð íslenskra námsmanna. Samstarfið hefur gengið vel á starfsárinu og LÍS hlakka til áframhaldandi samstarfs.

<https://www.bhm.is/frettir/bhm-styður-krofur-studenta-um-hærri-framfaerslulan-og-fritekjumark-hja-lanasjodi-islenskra-namsmanna>

<https://www.frettabladid.is/skodun/baetum-agengi-studenta-a-geheilbrigisjonustu>

1.6.3. Samtal við SÍF

LÍS hafa á starfsárinu átt í nokkrum samskiptum við SÍF, Samband íslenskra framhaldsskólanema, enda mikil forsenda fyrir því að félögin séu í góðum samskiptum og samstarfi um sameiginleg hagsmunamál. Í lok desember höfðu Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri SÍF, og Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, formaður SÍF, samband við formann LÍS og spurðu eftir því hvort áhugi væri fyrir því að sækja um sameiginlegt verkefni í Seeds for Intergration Pillar 3. Seeds for Intergration Pillar 3 er sameiginlegt styrkjaverkefni ESU, Evrópusamtaka stúdenta, og Obessu, Evrópusamtaka framhaldsskólanema, þar sem hægt er að sækjast eftir styrkjum sem ganga út á það að styðja við innflytjendur og flóttafólk í skólakerfum. Fór það svo að LÍS og SÍF sóttu um styrk til þess að halda Hackathon, þar sem lið framhaldsskólanema og/eða stúdenta með hugmyndir að verkefnum og nýsköpun geta sótt um og eytt helgi í að þróa og efla hugmyndirnar með aðstoð frá sérfræðingum. Skilyrði fyrir þátttöku í verkefninu verður að í það minnsta einn meðlimur hvers liðs sé flóttamaður eða innflytjandi. Verkefnið hlaut rúma milljón íslenskra króna

í styrk og mun ganga í gegn á næsta starfsári, en hackathon helgin sjálf mun eiga sér stað í september.

Einnig hafa LÍS og SÍF ásamt öðrum félagasamtökum staðið fyrir loftslagsverkfalli á hverjum föstudegi. Verkfallið er innblásið af hinni sænsku Gretu Thunberg sem hefur verið í skólaverkfalli fyrir loftslagið síðan sumarið 2019. Fyrsta loftslagsverkfallið átti sér stað á Íslandi 22. febrúar 2019. Síðan þá hafa fimm verkföll átt sér stað á sama tíma á föstudögum klukkan tólf til eitt. Á meðan á landsþingi LÍS stendur mun sjötta loftslagsverkfallið eiga sér stað.

1.6.4. Stuðningur við aðildarfélög

Mikilvægur hluti af starfsemi samtakanna er að vera til staðar fyrir aðildarfélög og styðja við þeirra baráttumál og starfsemi eftir fremsta megni. Þetta er gert með margvíslegum hætti, en til að minnast voru ráðstefnur LÍS, annars vegar gæðaráðstefna í október og afmælisráðstefna LÍS í nóvember, hluti af slíkum framtökum þar sem aðildarfélög fengu tækifæri til þess að hlýða á fyrirlestra og taka þátt í vinnustofum til þess að efla sína eigin starfsemi og fulltrúa. Það er mikilvægt að halda uppi samtali við aðildarfélögin um hvernig LÍS geta orðið þeim til halds og trausts í sínu starfi.

1.6.5. Stuðningur við SÍNE

Á starfsárinu leitaði SÍNE til LÍS vegna tregra mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að svara umleitunum sínum vegna þjónustusamnings SÍNE við MRN. Þann 3. september 2018 sendu LÍS póst á ráðuneytið þar sem mikilvægi þess að ráðuneytið svari aðildarfélögum LÍS var undirstrikað. Einnig hafa LÍS í sínum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneyti haft sig í frammi við að minna á hversu áriðandi það er að ráðuneyti trassi ekki sín samskipti við SÍNE. Rætt var við sérfræðing ráðuneytis, Þórarinn Sólmundarson, vegna þessa.

1.6.6. Unnið með NLHÍ að fótfestu nemendafélags

Nemendaráð Listaháskóla Íslands nálgadist LÍS á haustmánuðum til þess að fá stuðning í því ferli að koma formi á nemendaráð sem talaði fyrir alla stúdenta í skólanum en það hefur verið vöntun á slíku fyrirkomulagi. Það er mikil vinna sem felst í því að koma á fastri stúdentastarfsemi en í skólanum hafa hingað til einungis verið virk nemendafélög innan deilda skólans. Formaður LÍS

fundaði með fulltrúum NLHÍ nokkrum sinnum yfir starfsárið, þá fyrst og fremst með meðlimi fulltrúaráðs, Jóhönnu Ásgeirsdóttur. Formaður mætti einnig á fund með rektor LHÍ, Fríðu Björk Ingvarsdóttur, og fulltrúum stúdenta LHÍ þann 12. febrúar 2019. Þar kynnti formaður hvernig starfsemi og samskiptum á milli annarra aðildarfélaga LÍS og þeirra skóla sem þau starfa fyrir innan er háttað. Samtalið á þeim fundi gekk vel og er nú unnið að því innan NLHÍ að skipuleggja fyrsta aðalfund félagsins þar sem kosið verður um lög og í embætti stjórnar.

1.6.7. Stuðningsyfirlýsing við SHÍ vegna tanngreininga

Á haustmánuðum nálgadist Stúdentaráð Háskóla Íslands LÍS og óskaði eftir stuðningi í baráttu sinni gegn því að Háskóli Íslands framkvæmi aldurgreiningar á hælisleitendum. LÍS urðu við því enda ekki vafi um mikilvægi þess að ávarpa það alvarlega mál að innan stærstu menntastofnunar landsins fari fram slík starfsemi. Yfirlýsing var samþykkt á fundi fulltrúaráðs þann 6. nóvember 2019.

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/2018/11/7/stuningsvfirlsing-ls-vi-sh-vegna-tanngreininga-hlisleitendum-innan-hskla-slands>

2. Viðburðir LÍS

2.1. Fundir, ráðstefnur og málþing

2.1.1. EUROSTUDENT ráðstefna

Þann 4. maí 2018 héldu LÍS ásamt Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneyti ráðstefnu undir yfirskriftinni *Staða íslenskra stúdenta í alþjóðlegum samanburði: Aðgengi, efnahagur og tækifæri til náms erlendis*. Þar áttu sér stað kynningar á niðurstöðum EUROSTUDENT VI könnunarinnar. Elsa María Guðlaugs Drífudóttir fór þar með kynningu á sérstakri skýrslu um hreyfanleika íslenskra stúdenta sem unnin var úr niðurstöðum könnunarinnar. Í kynningunni var lögð áhersla á þær hindranir sem til staðar virðast vera fyrir ákveðna hópa stúdenta, en helst var það efnahagur eða fjölskylduáðstæður sem stóðu í vegi fyrir stúdentum í því að stunda skiptinám erlendis. Umræðurnar tóku þá líka tillit til stefnu LÍS um alþjóðavæðingu en stefnan er sú fyrsta síns eðlis

sem tekur á alþjóðavæðingu á háskólastigi. Á ráðstefnunni tók Elsa einnig þátt í pallborðsumræðum ásamt Rúnu Guðmarsdóttur, sérfræðingi frá Rannís, Evu Vögtle frá miðstöð rannsókna í háskólakerfinu í Þýskalandi og Ölmú Ragnarsdóttur, alþjóðafulltrúa Listaháskóla Íslands. Í umræðunum var það sérstaklega rætt hvernig megi brjóta niður hindranir og gæta að aðgengi að háskólanámi á Íslandi. Elsa lagði áherslu á það að með mótun menntastefnu þyrfti að gera grein fyrir sérstakri aðgengisáætlun fyrir háskólakerfið, þar sem hindranir væru brotnar niður með kerfisbundnum máta og snemmtækum aðgerðum.

[Hér er hægt að nálgast landsskýrslu Íslands úr EUROSTUDENT VI](#)

2.1.2. LÍS á LÝSU: Pallborðsumræður um menntastefnu Íslands til 2030

Þann 7. - 8. september 2018 fór LÝSA, fundur fólksins, fram í Hofi á Akureyri. Þar stóðu LÍS fyrir pallborðsumræðum um menntastefnu Íslands til 2030. Pallborðið sátu Sigrún Jónsdóttir, ritari LÍS, Rúna V. Guðmarsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís, Sólveig María Árnadóttir, formaður SHA, Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingar og Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA. Elsa María Guðlaugs Drífudóttir stýrði umræðum. Pallborðið gekk vel þar sem var meðal annars rætt um hlutverk háskóla í því að bjóða upp á sálfræðipjónustu, alþjóðavæðingu háskólasamfélagsins, fjórðu iðnbyltinguna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

2.1.3. Hágæði í háskólum og nærumhverfi

Ráðstefnan „Hágæði í háskólum og nærumhverfi stúdenta, eða hvað?“ fór fram þann 13. október 2018 í Háskólanum í Reykjavík og var hún haldin af LÍS í samstarfi við RANNÍS og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þar komu saman fulltrúar þeirra sem gæðamál í íslensku háskólakerfi varða, stúdentar, starfsfólk háskólanna og hinir ýmsu hagaðilar. Tilgangur dagsins var að gera gæðamál, og ýmis önnur málefni er varða stúdenta, aðgengilegri fyrir alla þá sem þau varða.



Í byrjun dags fluttu Sigurður Óli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Gæðaráðs íslenskra háskóla og Erna Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi LÍS í ráðinu, erindi um hvernig gæðakerfi í íslensku háskólakerfi eru byggð upp.

Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri LÍS, opnaði ráðstefnuna og kynnti afrakstur tveggja gæðaverkefna. Annars vegar „*Leiðarvísir fyrir stúdenta um gæðastarf háskólanna*“ þar sem aðkoma stúdenta að hinum ýmsu málum er varða gæðastarf innan háskólanna er útskýrð á aðgengilegan hátt. Hins vegar hlaðvarpið „*Studentaspjallið*“, þar sem talað er um gæðamál á einfaldan og skemmtilegan hátt. Stúdentaspjallið er hugsað sem aðgengileg leið fyrir alla þá sem hafa áhuga á gæðamálum innan háskólanna að kynna sér uppbyggingu þeirra. Þá voru haldnir örfyrirlestrar um hin ýmsu mál sem snúa að stúdentum. Salka Sigurðardóttir, alþjóðaforseti LÍS, og Sonja Björg Jóhannsdóttir, jafnréttisfulltrúi LÍS, kynntu verkefnið „*Student Refugees*“ sem LÍS eru að koma á fót. Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍS, hélt erindi um Eurostudent könnunina, þar sem fjallað er um efnahags- og félagslegan hag stúdenta í 28 evrópuríkjum. Sigrún Jónsdóttir, ritari LÍS, fjallaði um sýn stúdenta á húsnæðismarkaðinn og stöðuna sem þeir standa frammi fyrir, hvort sem þeir eru á leigumarkaði eða að hugsa um að kaupa sér fasteign. Rúna Vigdís Guðmarsdóttir og Helga Lind Mar héldu fyrirlestur um viðbragðsáætlanir háskólanna við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Teitur Erlingsson, varaformaður LÍS, hélt erindi þar sem þeir tveir lánasjóðir sem standa stúdentum til boða voru bornir saman og staða LÍN var rædd frá sjónarhorni stúdenta. Á ráðstefnuna mættu einnig erlendir sérfræðingar um gæðamál og aðkomu stúdenta að þeim. Það voru þau Dale Whehelan og Aimee Connelly frá Írlandi og Marija Vasilevska frá Makedóníu. Þau gáfu okkur innsýn í gæðastarf innan háskóla og hversu mikilvæg aðkoma stúdenta er að öllu gæðastarfi og hvernig megi nálgast hana.

Ráðstefnan var einkar vel heppnuð og skemmtileg og báru þeir sem hana sóttu henni sögunna vel.

2.1.4. Fræðslukvöld LÍS

Þann 19. október var haldið fræðslukvöld fyrir framkvæmdastjórn LÍS og fulltrúa aðildarfélaganna. Þar mætti Andrés Jónsson almannatengill hjá *Góð Samskipti* og kynnti fyrir stúdentafulltrúum hvernig hægt er að gæta hagsmuna stúdenta innan stjórnkerfisins og háskólanna. Hann fór yfir helstu leiðir sem honum finnst virka og hvaða leiðir stúdentafulltrúar ættu að leggja áherslu á til að eiga sem besta möguleika á að

ná sínum baráttumálum í gegn. Vel var mætt en á milli 30 og 40 manns mættu til að hlýða á Andrés. Kvöldið var haldið í Lögbergi í Háskóla Íslands.

2.1.5. 5 ára afmæli LÍS

Þann 5. nóvember 2018 fögnuðu samtökin fimm ára stofnafmæli. Það var ákveðið að halda upp á stofnafmælið, meðal annars með greinaskrifum í aðdraganda þess þar sem farið var í sögu LÍS og samstarf samtakanna við hina ýmsu hagaðila. Greinarnar voru skrifaðar af Önnu Marsibil Clausen, fyrsta formanni LÍS, Rúnu Guðmarsdóttur og Sigurði Óla Sigurðssyni, sérfræðingum hjá Rannís sem



hafa unnið náið með samtökunum, Þórunni Sveinbjarnardóttur, formanni BHM, Vilhjálmí Egilssyni, rektor Háskólans á Bifröst og Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur, núverandi formanni LÍS. Greinarnar voru fjölbreyttar og gerðu starfi og hlutverki LÍS góð skil.

Laugardaginn 3. nóvember 2019 var eins dags ráðstefna haldin þar sem áhersla var lögð á aðildarfélög LÍS og uppbyggingu þeirra, helstu áskoranir og framtíðarsamstarf með LÍS. Ráðstefnuna sóttu einnig erlendir stúdentafulltrúar, þau Robert Napier og Katrina Koppel frá ESU, Evrópusamtökum stúdenta, Petteri Heliste frá SYL, öðrum landssamtökum finnskra stúdenta, Oisín Hassan frá USI, landssamtökum írskra stúdenta og Turið Jónleyg Johannesen og Hans Andrias Gregoriussen frá MFS, landssamtökum færeyskra stúdenta. Oisín Hassan stjórnaði vinnustofu þar sem starfsemi aðildarfélaga var kortlögð og unnið að því að skilgreina hver næstu skref væru og hvernig væri hægt að nýta LÍS sem stuðning og samstarfsaðila í þróun þeirra eigin starfsemi. Vinnustofan var virkilega frjó og gaf tækifæri til þess að líta núverandi starfsemi gagnrýnum augum og koma auga á hvar tækifæri til vaxtar liggja.

Þá var haldin formleg veisla um kvöldið þar sem meðlimir LÍS og aðildarfélaga, sem og fyrrverandi LÍS-arar og vinir komu saman og fögnuðu förunum vegi og litu til næstu skrefa. Þar áttu sér stað ávörp frá ýmsum aðilum, þar á meðal frá Eyjólfí Guðmundssyni, rektor Háskólans á Akureyri, Elísabetu Brynjarsdóttur, forseta Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Robert Napier, varaforseta ESU sem og núverandi og fyrrverandi formönnum LÍS.

Fimm ár eru kannski í sjálfu sér ekki langur tími í stóra samhenginu en það er tvímælaust forsenda fyrir því að fagna þeim skrefum og áföngum sem samtökin hafa náð á þessum fyrstu fimm, og mögulega mikilvægustu, árum í starfseminni.

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/fimmaralis>

2.1.6. Forskot til framtíðar

Þann 2. nóvember fór fram ráðstefnan „Forskot til framtíðar” á vegum Velferðarráðuneytisins á Hilton Reykjavík Nordica sem fjallaði um vinnumarkað framtíðarinnar með áherslu á möguleg áhrif breyttrar heimsmyndar á náms- og atvinnutækifæri ungs fólks. LÍS tóku þátt í skipulagi ráðstefnunnar ásamt Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, ávarpaði ráðstefnugesti í upphafi dags. Umræðuefni ráðstefnunnar var víðfeðmt og var því skipt niður í nokkrar lotur þar sem teknar voru fyrir mannafla- og færnisþár á íslenskum vinnumarkaði, leiðir til þess að undirbúa ungt fólk fyrir vinnumarkað framtíðarinnar, breytt vinnuumhverfi og breytt viðhorf til vinnu og áskoranir og tækifæri á vinnumarkaði framtíðarinnar. Ingileif Friðriksdóttir hélt erindi fyrir hönd stúdenta sem bar heitið „*Fljúgandi bílar og tíkallasímar*” og fékk ráðstefnugesti til þess að velta fyrir sér hvort að framtíðarspár rætist í raun með samlíkingum við myndina „*Back to the future*”. Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍS, tók svo þátt í pallborðsumræðum við lok ráðstefnunnar, ásamt Gunnhildi Fríðu Hallgrímsdóttur, formanni SÍF, Ingileif Friðriksdóttur, Bertu Daníelsdóttur, framkvæmdastjóri Sjávarklasans, og Ingva Hrannari Ómarssyni, kennara við Árskóla, og tóku fyrir áskoranir og tækifæri á vinnumarkaði framtíðarinnar. Elsa lagði sérstaka áherslu á að þótt það sé mikilvægt að hafa góða sýn á þá þörf og breytingar sem munu verða á vinnumarkaði í framtíðinni að þá þurfi ætíð að gæta að frelsi einstaklingsins til náms. Einnig snerti hún sérstaklega á skorti á regluverki þegar kemur að starfsnámi á háskólastigi.

2.1.7. Málstofa Ráðgjafanefndar Gæðaráðs um stafrænar kennsluaðferðir

Ráðgjafanefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla hélt málstofu þann 16. nóvember 2018 um hvernig hægt sé að tryggja gæði stafrænna kennsluhátta í Veröld - húsi Vigdísar. Teitur Erlingsson, varaformaður LÍS, hélt erindi um viðhorf stúdenta til stafrænna kennsluhátta. Teitur ræddi mikilvægi þess að stafræn kennsla sé ekki litin öðrum augum en venjuleg kennsla. Gæði kennslunnar verði að vera tryggð á sama hátt og um hana gildi sömu gæðastaðlar. Þá talaði hann

einnig um mikilvægi hennar sem jafnréttistæki. Stafræn kennsla gerir stúdentum sem ekki hafa tök á að sækja kennslustundir í persónu kleift að mennta sig og taka þátt í tímum. Sérstakur gestur málstofunnar var Frank Rennie, prófessor við “Highlands and Islands” háskóla í Skotlandi. Skólinn er framarlega á heimsvísu þegar kemur að stafrænum kennsluháttum og er Frank þar í fararbroddi. Frank kynnti fyrir gestum þær aðferðir sem hann beitir við kennslu og við að virkja nemendur í gegn um netið. Þar talaði hann sérstaklega um mikilvægi þess að gera námsefnið aðlaðandi og gagnvirkt. Einar Hreinsson, gæðastjóri Háskólans í Reykjavík (HR), fjallaði um þær aðferðir sem HR nýtir til þess að tryggja gæði stafrænnar kennslu og sýndi gestum kerfið sem notað er í HR. Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður kennslumiðstöðvar Háskólans á Akureyri (HA), sendi síðan erindi norðan frá Akureyri þar sem hún kynnti fyrirkomulag og helstu áskoranir og kosti við fjarnám í HA. Eftir það voru umræður um stafræna kennslu og mikilvægi hennar, þar sem fram kom mikil jákvæðni og vilji til innleiðingar og framfara.

<http://studentar.is/frettir-og-greinar/2019/2/11/hvernig-tryggjum-vi-gi-stafrnna-kennsluhtta>

2.1.8. 100 ára fullveldi Íslands

Samtökin tóku þátt í skipulagningu á 100 ára fullveldisafmælisdegi Íslands sem haldinn var hátíðlegur 1. desember 2018 síðastliðinn. Undirbúningsvinna var unnin í samráði við öll aðildarfélög LÍS og Kolbrúnu Halldórsdóttur, verkefnastjóra í forsætisráðuneytinu. Viðburðir voru haldnir í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands í tilefni dagsins og var á báðum stöðum boðið upp á veglega dagskrá. Viðburðir dagsins voru skipulagðir af aðildarfélögunum sjálfum og framkvæmd var einnig í þeirra höndum. Báðir viðburði heppnuðust með prýði og ber að hrósa SHÍ og SHA fyrir flotta viðburði sem voru stúdentum til sóma.

2.1.9. Samstöðufundur við Lánasjóð íslenskra námsmanna

Í kjölfar herferðar um úthlutunarreglur LÍN var ákveðið að grípa til frekari aðgerða og sýna þrýsting í verki. Þar af leiðandi var efnt til samstöðufundar fyrir framan Lánasjóðinn þann 26. febrúar 2019, á sama tíma og stjórn LÍN fundaði og samþykkti tillögu að úthlutunarreglum ársins 2019-2020. Fyrir samstöðufundinn fengu LÍS stuðningsyfirlýsingar frá BHM og Samstarfsnefnd háskólastigsins, sem er samráðsvettvangur íslenskra rektora. Einnig var send út áskorun á alla

þingflokka frá stúdentum og ungliðahreyfingum flokkanna um að mæta og sýna stúdentum samstöðu.

Áherslur stúdenta, hækkun frítekjumarks í 1.330.000 og hækkun framfærslu, var haldið mjög hátt á lofti af fulltrúum stúdenta í stjórn LÍN og þau eiga hrós skilið fyrir að hafa haldið stjórn stíft við efnið. Á samstöðufundinn safnaðist góður fjöldi stúdenta, sem og fulltrúar frá BHM og þingmenn frá Samfylkingunni og Pírötum. Úthlutunarreglur fengu fyrir vikið töluverða athygli, en enn er beðið eftir endanlegri niðurstöðu um reglur næsta árs og hvort þessar aðgerðir hafi verið til árangurs.



Viðhengi 8: Stuðningsyfirlýsing rektora

2.1.10. Loftslagsverkfall

Í undirbúningi landsþings 2019 sóttu fulltrúar LÍŠ og SHÍ ýmsa fundi með sérfræðingum og aðilum sem helga sig sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Í febrúar átti samtál sér stað þar sem loftslagsverkfall hinnar sænsku Gretu Thunberg var rætt, en um það leiti hafði það orðið að alþjóðlegri öldu námsfólks og ungmenna sem fylktu liði í hverri viku og kröfðust þess að stjórnvöld grípi til aukinna aðgerða vegna lofstlagsmála. Úr varð að ákveðið var að hrinda af stað loftslagsverkfalli á Íslandi, enda ekki spursmál um mikilvægi þess að íslensk ungmenni láti í sér heyra hér á landi líkt og erlendis. Í raun var það ótrúlegt hversu langur tími leið þar til það fór af stað hérlendis. Fyrsta loftslagsverkfallið átt sér stað á Austurvelli þann 22. febrúar, en þá söfnuðust saman um 300 ungmenni og námsfólk saman. Alls hafa fimm loftslagsverkföll átt sér stað, en þann 15. mars var svokallað alheimsverkfall þar sem verkfall fóru fram í yfir 100 löndum og yfir 2000 borgum og bæjum út um allan heim. Á Íslandi áttu sér stað loftslagsverkföll á þremur mismunandi stöðum á landinu, í Reykjavík, á Akureyri og Akranesi. Í Reykjavík var gengið frá Hallgrímskirkju og síðan komið saman á Austurvelli þar sem ávörp áttu sér stað. Þá söfnuðust um það bil 2000 manns sem kröfðust saman aukinna aðgerða og fjárútláta í málaflokkinn. LÍŠ hafa staðið fyrir þessu í samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samband íslenskra framhaldsskólanema og Unga umhverfissinna. Einnig hafa Amnesty international á Íslandi tekið þátt og fleiri einstaklingar utan félagasamtaka.



Verkföll munu halda áfram að eiga sér stað á Íslandi þar til talið er að stjórnvöld og samfélagið í heild sinni hafi í raun gripið til viðeigandi aðgerða í takt við alvarleika málsins. Verkfallið hefur hlotið töluverða fjölmiðlaathygli og formaður LÍŠ hefur sótt ýmsa fundi ásamt öðrum skipuleggjendum, meðal annars með Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.



2.2. Vinnuþing

Vinnuþing eru mikilvægur vettvangur framkvæmdastjórnar til að kafa í hugmyndavinnu og vinna að framkvæmd verkefna. Umræður eru á formi vinnustofa þar sem mismunandi málefni eru tekin fyrir hverju sinni. Á starfsárinu hafa þau verið tvö talsins, eitt að sumri og annað í byrjun árs.

2.2.1. Skiptaþing LÍŠ

Helgina 18.-20. maí 2018 fór fram fyrsta skiptaþing LÍŠ. Hugmyndin þar að baki var að skapa vettvang þar sem fráfaramandi og nýir LÍŠ-arar fengju tækifæri til þess að skiptast á þekkingu og reynslu á starfinu og vinna að hugarflugi um næstu skref starfsins. Á þinginu fór Aldís Mjöll Geirsdóttir, fráfaramandi formaður, með kynningu á almennu starfi LÍŠ, Gauti Skúlason, fráfaramandi fjáröflunarstjóri, hélt kynningu á lögum og verklagi LÍŠ og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, fráfaramandi alþjóðaforseti hélt kynningu á alþjóðastarfi LÍŠ. Einni hélt David Erik Mollberg, fráfaramandi gæðastjóri, kynningu á gæðastarfi samtakanna. Út frá kynningunum sköpuðust umræður, þar sem þeir sem eru nýir í starfinu veltu hinum ýmsu köntum fyrir sér.

Á þinginu fóru síðan fram vinnustofur um starfsemi LÍŠ. Þá átti sér stað vinnustofa um gæðastarfið, en í kjölfar samþykktar stefnu um gæði í íslensku háskólasamfélagi var mál að vinna að kynningu og innleiðingu hennar. Þar urðu til hugmyndir meðal annars um gæðaráðstefnu og hlaðvarp um gæðamál.

Helgin heppnaðist vel og var margt sem mátti draga lærdóm af sem verður haft í huga þegar næsta skiptaþing LÍŠ verðu haldið á komandi vori 2019.

2.2.2. Kick-off vinnuþing LÍŠ

Kick-off vinnuþing LÍŠ hófst með framkvæmdastjórnafundi þann 10. ágúst. Á dagskrá voru meðal annars þátttaka LÍŠ á LÝSA, hlaðvarp um gæðamál, fyrstu skrefin að uppsetningu Student Refugees, þátttaka LÍŠ á sumaráþingi DSF, dönsku stúdentasamtakanna, og fyrirhugaður fundur samtakanna í velferðarráðuneytið þar sem ráðstefnan „Forskot til framtíðar” var til umræðu. Dagana 11. og 12. ágúst fór fram stefnumótun og undirbúningsvinna fyrir starfsárið þar sem verkefni helstu málaflokka voru rædd.

<http://studentar.is/frettir-og-greinar//kick-off-vinnuting-lis>

Viðhengi 9: Fundardagskrá sumaráþings.

2.2.3. Nýársþing

Nýársþing var haldið 11.-13. janúar 2019 á Hvanneyri líkt og árið áður. Þar hittust framkvæmdastjórn og nefndir til þess að undirbúa komandi mánuði í starfi samtakanna. Helgin einkenndist fyrst og fremst af vinnustofum þar sem hugarflug um starfsemi samtakanna átti sér stað. Meðan annars fór fram vinnustofa um verkefni komandi starfsárs sem varð til grundvallar verkáætlunar starfsárs 2019-2020 sem verður lögð fyrir á landsþing LÍŠ og herferð um kjara- og réttindamál sem er á dagskrá með BHM. Einnig unnu viðstaddir í undirbúningi fyrir landsþing. Þá stjórnaði Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri LÍŠ, vinnustofu um sáttmála á milli háskóla og stúdenta og innihald hans.

Helgin gekk einkar vel og góðar hugmyndir sem komust niður á blað sem urðu til grunns að vinnu komandi mánaða og varð til þess að allir komu samstilltir til starfa á nýju ári.

Viðhengi 10: Fundardagskrá nýársþings

2.2.4. Landsþing LÍŠ 2019

Að skipulagningu Landsþings LÍŠ 2019 hefur vaninn verið sá að aðildarfélög LÍŠ skiptast á um að taka þátt og halda utan um skipulag. Að þessu sinni var komið að SHÍ og því unnu formaður og varaformaður LÍŠ ásamt Elísbetu Brynjarsdóttur og Sonju Jónsdóttur, forseta og varaforseta SHÍ saman að skipulagningu þingsins á þessu starfsári. Skipulagning þingsins hófst þegar á haustmánuðum þegar ákvörðun var tekin um þema þings, en eftir að atkvæðagreiðsla á meðal fulltrúaráðs fór fram þar sem valið var á milli velferðarmála og sjálfbærni og samfélagsábyrgðar fór það svo að þema þings yrði Sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Í kjölfar byrjaði undirbúningur þings, drög að dagskrá og hugmyndir að fyrirlesurum og vinnustofum. Þann 4. október 2018 var styrktarumsókn skilað til Erasmus+ og þann 4. desember kom svar um að umsóknin hafi verið samþykkt. Þetta létti verulega undir með fjármögnun þingsins, en með þessu móti var fjármögnun komin langleiðina. Einnig hlaut landsþing styrk frá Háskólasjóði, sem fyllti upp í þá fjármögnun sem upp á vantaði. Upphaflega var stefnt að því að halda landsþingið í Háskólanum á Hólum, en það gekk ekki upp og fór það svo að landsþing er nú haldið að Bifröst annað árið í röð. Ekki er það af verri endanum, en þetta er í þriðja skipti sem landsþing LÍŠ er haldið í Háskólanum á Bifröst og reynist það alltaf jafn vel.

Undirbúningur landsþings hefur farið vel úr hendi og má SHÍ eiga þakkir fyrir virkilega gott samstarf og metnað fyrir þinginu.

Dagskrá landsþings tekur á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í víðu samhengi, en gætir þess jafnframt að halda tengingu við hlutverk stúdenta og háskólasamfélagsins í heild sinni í þessum

Sjálfbærni og háskólasamfélagið
Hver er okkar samfélagslega ábyrgð?

LANDSPING
2019

LANDSSAMTÖK
ÍSLENSKRA
STÚDENTA

29.-31. mars

málaflokki. Það er viðeigandi að stúdentar taki þennan málaflokk föstum tökum, enda er loftslagsváin ein stærsta áskorun okkar tíma. Í kjölfar fyrirlestra munu vinnustofur eiga sér stað þar sem stúdentafulltrúar á þinginu fá tækifæri til þess að marka stefnu LÍS í málaflokknum. Afraksturinn verður síðan nýttur í skrifum á sjálfbærnistefnu LÍS á næsta starfsári.

Á landsþinginu verða einnig lagðar fram tvær stefnur. Önnur þeirra er stefna um jafnrétti í íslensku háskólasamfélagi og er unnin úr þeirri stefnumótunarvinnu sem átti sér stað á landsþingi 2018. Hin stefnan er endurskrifuð stefna um alþjóðavæðingu í íslensku háskólasamfélagi. Sú stefna sem er í gildi í dag er frá 2016 en samkvæmt lögum sem samþykkt voru á landsþingi 2018 ber að endurskoða stefnur á þriggja ára fresti og uppfæra teljist tilefni til. Einnig verður lögð fyrir tillaga að verk- og fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Þetta er í fyrsta skipti sem það er gert á landsþingi, en það er eðlilegt skref í kjölfar aukins umfangs og fjárútláta að tekin sé ákvörðun um forgangsröðun og verkefni á landsþingi. Einnig verða lagabreytingar teknar fyrir á þinginu, mál að ósk aðildarfélaga og kosið í embætti framkvæmdastjórnar fyrir komandi starfsár.

3. Alþjóðamál

3.1. Almennt

Alþjóðastarf LÍS hefur verið til fyrirtaks á starfsárinu. Áttu LÍS fulltrúa á öllum reglubundnum viðburðum í þeim samstarfsnetum sem LÍS eiga aðild að ásamt því að sækja fimm aðra viðburði sem LÍS fengu boð á. Reglubundnar ráðstefnur voru á vegum Evrópusamtökum stúdenta (ESU) og samstarfsneti landssamtaka stúdenta á Norðurlöndum (NOM). LÍS voru með kröftuga nærveru á þessum viðburðum. Yfir árið lögðu LÍS fram töluverða vinnu í alþjóðastarfinu og tryggðu það að rödd íslenskra stúdenta heyrðist. Utan reglubundins starfs þá lögðu LÍS rækt við tengsl sín við önnur landssamtök af alúð. Í október 2017 varð til vísir að samstarfsneti á milli LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta, MFS - Landssamtaka færeyskra stúdenta, Ili ili - Landssamtaka grænlenkra stúdenta og Avalak - Samtaka grænlenkra stúdenta í Danmörku. Þetta var upphafið að NAIS - The North-Atlantic Islands' Student cooperation. Markmið samstarfsins er að einbeita sér að sértækum málefnum og sameiginlegum hagsmunum stúdenta sem fyrrnefnd samtök standa vörð um.

Dagana 24.-28. janúar 2019 fór fram fyrsti formlegi NAIS fundurinn í Reykjavík. Umræðuefni fundarins var gæðamál og var yfirheiti þess *Let's talk about quality*. LÍŠ tóku á móti átta alþjóðlegum gestum, fjórum stúdentafulltrúum frá Grænlandi og fjórum frá Færeyjum.

Fulltrúar NAIS fundarins fengu innsýn inn í gæðamál íslensks háskólakerfis frá hagaðilum og íslenskum stúdentum. Fulltrúar MFS, Ili ili og Avalak kynntu sömuleiðis hvernig gæðamálum er háttað í þeirra heimalandi og samtökum, og voru aðal hindranir og framtíðarsýn gæðamála ræddar. Tekin var sú ákvörðun að hver samtök þurfi að tilnefna fulltrúa sem mun sitja í stjórn NAIS og sinna ábyrgðarhlutverki fyrir sín samtök innan samstarfsnetsins. Þeir fulltrúar eru skyldugir til þess að funda í gegn um fjarfundarbúnað einu sinni í mánuði og upplýsa aðra meðlimi NAIS um stöðu mála innann sinna samtaka.

Einnig hafa samtökin tekið á móti ýmsum alþjóðlegum gestum á starfsárinu. LÍŠ tóku á móti tveimur fulltrúum frá Trinity College Students' Union sem og fulltrúa frá gæðahópi ESU í október 2018. Einnig sóttu fulltrúar frá landssamtökum stúdenta í Finnlandi, Færeyjum og Írlandi sem og báðir varaforsetar ESU fimm ára afmælisráðstefnu LÍŠ sem haldin var í nóvember. Slíkar heimsóknir eru til merkis um þann sess sem LÍŠ hafa skapað sér í alþjóðasamstarfi stúdenta.

Alþjóðanefnd LÍŠ vann hörðum höndum að endurgerð alþjóðastefnu LÍŠ sem og undirbúning fyrir NAIS1 fundinn í Reykjavík í janúar 2019. Skipt var niður ábyrgðarverkefnum milli fulltrúa alþjóðanefndar en mikill samvinnuandi var í nefndinni sem gerði starfið auðveldara og skemmtilegra fyrir vikið.

Til viðbótar við þessi verkefni sóttu LÍŠ hinar ýmsu ráðstefnur og var til að mynda sérstaklega boðið af öðrum landssamtökum og hagaðilum á ráðstefnur til þess að halda erindi. Öll þessi virkni í ofanálag við reglubundna starfsemi er sterkt merki um þann þroska sem LÍŠ hafa náð og gefur til kynna að önnur landssamtök sjái LÍŠ sem svo að hagnaður er af framlagi frá samtökunum. Þá hafa LÍŠ hlotið hól á alþjóðlegum vettvangi fyrir metnaðarfullt starf. Samtökin geta státað sig af mjög sterku alþjóðastarfi og er það gríðarlega mikilvægt að gæta að því að það haldist svo.

3.1.1. Alþjóðanefnd

Nefndarmeðlimir:

Salka Sigurðardóttir, alþjóðaforseti

Anastasía Jónsdóttir, nefndarmeðlimur

Ásgerður Ólöf Ásgeirsdóttir, nefndarmeðlimur

Karítas Eik Sandholt, nefndarmeðlimur

Polina Diljá Helgadóttir, nefndarmeðlimur

3.1.2. Fundir og ráðstefnur 2018-2019

3.1.2.1. BM 74 Bled, Slóvenía

Nafn fulltrúa: Aldís Mjöll Geirsdóttir, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir og Salka Sigurðardóttir

Til hvaða lands var ferðast: Bled, Slóvenía

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: SSU, Slovenian Students Union

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Seminar og Board meeting 74 (stjórnarfundur 74)

Viðhengi 11: Skýrsla BM74

3.1.2.2. Nordic Conference on Higher Education, Stokkhólmur júní 2018

Þann 13 júní 2018 átti sér stað norræn ráðstefna í Stokkhólmi á vegum Ráðherranefndar Norðurlanda. Viðfangsefni ráðstefnunnar var háskólamenntun með áherslu á stafræna kennsluhætti og #metoo. LÍŠ fengu að tilnefna einn til þess að taka þátt á ráðstefnunni en ákveðið var að senda formann LÍŠ, Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur.

Á ráðstefnunni áttu sér stað hinir ýmsu fyrirlestrar um stafræna kennsluhætti og þau áhrif sem #metoo hefur átt á háskólakerfið í Norðurlöndunum. Þá fóru fram pallborðsumræður þar sem einungis fulltrúar stúdenta frá Norðurlöndunum voru mælendur, þar á meðal formaður LÍŠ. Í pallborðsumræðunum fjölluðu stúdentafulltrúar sérstaklega um þörf á sterku og stöðugu stuðningskerfi sem og þörfina á því að hlustað sé á stúdenta og að innlegg fulltrúa þeirra sé virt og tekið alvarlega. Elsa talaði sérstaklega um #metoo og þá umræðu sem hefur skapast í samfélaginu um kynbundið og kynferðislega áreitni. Hún lagði áherslu á að það væri gott að umræður hafa farið að stað, en að mikilvægt sé að gleyma ekki að umræðan sé aldrei kláruð heldur þurfi sífellt að

halda því sem #metoo kom af stað á lofti. Ráðstefnan fór einstaklega vel og pallborð stúdenta vakti sérstaka athygli. Í ágúst 2019 mun eiga sér svipuð ráðstefna hér á Íslandi en LÍS taka þátt í að undirbúa hana ásamt Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar munu fulltrúar stúdenta aftur fá boð, og gætt verður að því að þeirra innlegg verði jafn öflugt, ef ekki öflugra en í Stokkhólmi.

3.1.2.3. Málþing FZS um þátttöku kvenna í stúdentapólitík, Þýskaland, ágúst 2018

Í júlí 2018 fékk Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður, boð frá fzs, landssamtökum stúdenta í Þýskalandi, boð um að koma og taka þátt í undirbúningsráðstefnu fyrir landsþing samtakanna. Ráðstefnan átti sér stað 5. ágúst 2019 og þema hennar var þátttaka kvenna í stúdentapólitík. Elsa tók virkan þátt í vinnustofum og hlustaði á þá fyrirlestra sem áttu sér stað þar sem var meðal annars fjallað um stúdentabyltinguna árið 1968. Undir lok dags tók Elsa síðan þátt í pallborðsumræðum ásamt fulltrúum frá fzs og ÖH, landssamtökum stúdenta í Austurríki, þar sem áhersla var lögð á aðferðir og leiðir til þess að auka og efla konur í stúdentabaráttunni. Það var mjög góður andi á ráðstefnunni og virkilega vel tekið í innlegg Elsu, en augljóst er að landslag stúdentapólitíkur er misjöfn eftir löndum og gaman að bera saman starfsemi gamalla samtaka eins og ÖH og fzs við starfsemi yngri samtaka eins og LÍS og hvernig hefðir og íhald hafa áhrif á hana.

3.1.2.4. Sumarþing DSF, Danmörk, ágúst 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir, Teitur Erlingsson og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Til hvaða lands var ferðast: Kaupmannahöfn, Danmörk

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: DSF, Landssamtök danskra stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: DSF Summer Camp

Viðhengi 12: Skýrsla sumarþing DSF

3.1.2.5. European Students' Convention 36, Vín, Austurríki, október 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Til hvaða lands var ferðast: Vín, Austurríki

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ÖH, Landssamtök austurríska stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: European Students' Convention 36

Hvert var markmið/þema/yfirskrift ráðstefnunnar/fundarins: Public Good Public Responsibility

Viðhengi 13: Skýrsla ESC36

3.1.2.6. BORE Study visit til Finnlands, október 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir og Aldís Mjöll Geirsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Helsinki, Finnland

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: BORE II

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: BORE II

Hvert var markmið/þema/yfirskrift ráðstefnunnar/fundarins: Eitt af markmiðum BORE II verkefnisins er að styðja við aukna alþjóðavæðingu háskólakerfisins á Íslandi. Styrkur var veittur til námsheimsóknar til Finnlands í þeim tilgangi að kynna sér hvað er gert þar í landi til að efla stúdenta- og kennaraskipti

Viðhengi 14: Skýrsla BORE Helsinki

3.1.2.7. NOM 74, Ríga, Lettland, nóvember 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir og Teitur Erlingsson

Til hvaða lands var ferðast: Ríga, Lettland

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: LSA - Landssamtök lettneskra stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: NOM74 - The Nordiskt Ordförande Møte (NOM, Nordic Presidential Meeting)

Hvert var markmið/þema/yfirskrift ráðstefnunnar/fundarins: Student engagement in student movement as part of civic society

Viðhengi 15: Skýrsla NOM74

3.1.2.8. BM 75, Budva, Svartfallaland, desember 2018

Nafn fulltrúa: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, Salka Sigurðardóttir og Teitur Erlingsson

Til hvaða lands var ferðast: Svartfjallaland

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: SPUM, Students' Parliament of the University of Montenegro

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Seminar og Board meeting 75 (stjórnarfundur 75)

Viðhengi 16: Skýrsla BM75



3.1.2.9. Mental Health seminar, Riga, Lettland, desember 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir

Til hvaða lands var ferðast: Lettland, Ríga

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ESU, European Students' Union

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Let's Talk Peer-Learning to Develop Student-led Mental Health Campaigns

Viðhengi 17: Skýrsla Mental Health Seminar

3.1.2.10. NAIS1 ráðstefna, Reykjavík janúar 2018

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir, Teitur Erlingsson, Sigrún Jónsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Á ekki við

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: LÍS, Landssamtök íslenskra stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Let's Talk About Quality

Viðhengi 18: Skýrsla NAIS1 fundur Reykjavík



3.1.2.11. European Students' Convention 37, Timisoara, Rúmenía, mars 2019

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir og Polina Diljá Helgadóttir

Til hvaða lands var ferðast: Rúmenía

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: ANSOR, Landssamtök Rúmenskra stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: Shaping the future though policies

Viðhengi 19: Skýrsla ESC37

3.1.2.12. NOM 75 Kaupmannahöfn, Danmörk, apríl 2019 - þessi ráðstefna hefur ekki átt sér stað

Nafn fulltrúa: Salka Sigurðardóttir og Sonja Björg Jóhannsdóttir

Til hvaða lands var ferðast: Danmörk, Kaupmannahöfn

Hver hélt ráðstefnuna/fundinn: DSF, Landssamtök danskra stúdenta

Hvað hét ráðstefnan/fundurinn: *Environmental Sustainabilit –Our Role as Student Movement.*

4. Gæðamál

4.1. Almennt

Gæðastarfi samtakanna var gert hátt undir höfði þetta starfsár eins og önnur ár. Á síðasta landsþingi var stefna samtakanna um gæði í íslensku háskólasamfélagi lögð fyrir, þingfulltrúar báru upp sínar breytingatillögur á henni og út frá þeim mynduðust mikilvægar og góðar umræður um innihald stefnunnar en í framhaldi var hún samþykkt. Þá kom það í hlut gæðanefndar á þessu ári að skipuleggja kynningu og innleiðingu á stefnunni. Verður það virkt og lifandi verkefni næstu ár. Mörg umfangsmikil og ný verkefni komu í skaut gæðanefndar í ár að halda utan um en öll hafa þau það að markmiði að fræða stúdenta um gæðamál og útbúa tól fyrir stúdenta til þess að efla þátttöku þeirra í gæðastarfi. Haldin var stór ráðstefna sem bar heitið „Hágæði í háskólum og nærumhverfi þeirra - eða hvað?“ sem tókst mjög vel til. Á starfsárinu var leiðarvísir fyrir stúdenta um gæðastarf loks formlega gefinn út eftir að hafa verið í vinnslu síðastliðin þrjú ár. Leiðarvísirinn er mikil lyftistöng fyrir þátttöku stúdenta í þessu starfi sem getur verið frumskógi líkast. Á starfsárinu leit glænýtt hlaðvarp dagsins ljós - Stúdentaspjallið - en fyrstu þættir þess snúa að gæðamálum og er reynt að fjalla um viðfangsefnið á fræðandi en jafnframt skemmtilegan hátt. Einnig var hafist handa við gerð samkomulags milli stúdenta og háskóla um þátttöku stúdenta á jafningjagrundvelli.

Ljóst er af nógu er að taka þegar það kemur að gæðamálum og þátttöku stúdenta þar innan og munu verkefni LÍS á þessum vettvangi koma til með að stækka og eflast með hverju árinu.

4.1.1. Gæðanefnd

Nefndarmeðlimir:

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður

Vigdís Ólafsdóttir

Emil Robert Smith

Ketill Antoníus Ágústsson

4.2. Gæðaráð

Í Gæðaráð íslenskra háskóla skipa LÍS tvo fulltrúa stúdenta, annar er fullgildur meðlimur og hinn er áheyrnafulltrúi, til tveggja ára. Robert Henthorn og Erna Sigurðardóttir hófu sitt annað starfsár í ár. Erna Sigurðardóttir fékk sérstaklega góðar viðtökur frá Gæðaráðinu í ár og átti í góðum samskiptum við LÍS um framgang mála. Robert Henthorn sagði af sér í janúar 2019 og var sú ákvörðun tekin að Erna Sigurðardóttur myndi taka við stöðu fullgilds meðlims þar til LÍS skipa fulltrúa stúdenta að nýju sem verður gert fyrir næsta starfsár.

Á síðasta starfsári hófst Quality Enhancement Framework 2nd cycle (QEF II). Nokkrir skólar hafa þegar lokið við fagsviðsúttæktir í nokkrum deildum en fyrsta stofnanaúttektin byrjaði haustið 2018 á Háskólanum í Reykjavík. Á þessu ári verður Háskólinn á Hólum tekinn fyrir, fylgt eftir af Háskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst haustið 2020, síðan Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands árið þar eftir og að lokum verður það Landbúnaðarháskóli Íslands.

LÍS skipa stúdent í stofnanaúttektarteymi hvernar úttektar úr hópi stúdenta frá aðildarfélögum LÍS og var skipaður stúdent fyrir stofnunarúttekt Í HR á þessu starfsári. Unnið er að skipun stúdents fyrir stofnanaúttekt Háskólans á Hólum.

4.3. Ráðgjafanefnd gæðaráðs

Fulltrúar LÍS í ráðgjafanefnd Gæðaráðs eru Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður. Nefndin fundar einu sinni í mánuði og ræðir verkefni tengd QEF II ásamt því að mynda samráðsvettvang fyrir LÍS, alla gæðastjóra háskólanna og fulltrúa ráðuneytisins. Þátttaka í nefndinni gefur af sér gríðarlega mikla þekkingu á íslenska háskólakerfinu og því hefur sú skipan verið undanfarin ár að með gæðastjóra sitji formaður samtakanna einnig en það hefur reynst LÍS einstaklega vel.

4.4. Bologna ministerial conference

Ráðherrafundur Bologna var haldinn í París 24. - 25. maí 2018. Aldís Mjöll Geirsdóttir, þáverandi formaður LÍŠ, sótti fundinn ásamt íslenska föruneytinu sem fulltrúi stúdenta. Ráðherrafundurinn er reglulegur hluti af starfsemi Bologna, þar sem kosið er um samþykktir (*e. communique*) sem lýsa þeim áhersluatriðum sem öll aðildarríki Bologna skulbinda sig til þess að vinna að og ná þar til næsti ráðherrafundurinn á sér stað. Það er gríðarlega mikilvægt að stúdentar eigi alltaf fastan fulltrúa á þessum fundum enda verið að kjósa um stefnur og skref sem á að taka í háskólakerfinu á öllu Evrópusvæðinu.

4.5. BORE II - Bologna Reform in Iceland II

Bologna Reform in Iceland II, eða BORE II, er sjálfstætt framhaldsverkefni af Bologna Reform in Iceland (BORE) sem lauk í maí 2016. BORE II hófst í júní 2016 og stóð fram í lok nóvember 2018 en Rannís hafði umsjón með verkefninu. Markmiðið með verkefninu var að styðja við innleiðingu Bologna ferlisins meðal annars með því að vinna að auknum gæðum náms og kennslu og tryggja aðkomu stúdenta að gæðastarfi sem og styðja við alþjóðavæðingu háskóla.

LÍŠ hefur haft aðkomu að verkefninu en hún var mest í lok síðasta starfsárs og fram yfir upphaf þessa árs. Unnu Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður náíð með Rúnu Vigdísi Guðmarsdóttur, verkefnastjóra BORE II, en samstarf við hana á starfsárinu hefur verið einkar farsælt enda hefur Rúna verið LÍŠ mikið innan handar. Vegna BORE II var LÍŠ kleift að halda fyrrnefnda ráðstefnu „Hágæði í háskólum og nærumhverfi þeirra - eða hvað?“, gefa út leiðarvísi um stúdentum um gæðastarf og hefja Stúdentaspjallið, vegna fjárhagslegs stuðnings. Sem hluti af verkefninu fóru einnig Aldís og Salka Sigurðardóttir, alþjóðaforseti, í heimsókn til Finnlands ásamt Rúnu og fulltrúum frá ráðuneytinu og Enic Naric til að kynna sér háskólakerfi Finnlands með tilliti til alþjóðavæðingar.

4.6. Stúdentaspjallið: „Hvað eru eiginlega gæði náms?“

STÚDENTASPJALLIÐ er hlaðvarp LÍŠ þar sem fjallað verður um ýmis málefni stúdenta. Í Stúdentaspjallinu verður byrjað umfjöllun um gæðamál háskólanna í víðu samhengi undir nafninu *Hvað eru eiginlega gæði náms?*.

STÚDENTA SPJALLIÐ

Gæðamál háskólanna 

Markmið þáttanna er að vekja athygli á gæðamálum háskólanna og fjalla um þau á einfaldan og skemmtilegan hátt en stefna samtakanna um gæði í íslensku háskólasamfélagi, leiðarvísirinn og önnur gögn eru höfð til hliðsjónar. Þáttarstjórnandi *Hvað eru eiginlega gæði náms?* er Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og stefnt er að því að fá í þáttinn fjölbreytta gesti víðsvegar úr háskólasamfélaginu, stúdenta jafnt sem hagaðila. Aðeins einn þáttur hefur komið út en stefnt er að því að allir fimm þættirnir verði komnir út í lok þessa starfsárs.

Í fyrsta þætti er farið um víðan völl en fjallað er um uppbyggingu gæðastarfs háskólanna og einnig mikilvæg mál er varða stúdenta eins og fjármögnun háskólastigsins, aðgengi að námi og aðgangsstýringar, mikilvægi stúdentamiðaðra upplýsinga sem hluti af háskólakerfinu og menntastefnu svo eitthvað sé nefnt. Viðmælendur í fyrsta þætti eru Ragna Sigurðardóttir læknanemi og fyrrverandi forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Aldís Mjöll Geirsdóttir gæðastjóri LÍŠ.

Í öðrum þætti sem hefur verið tekinn upp en á eftir að vinna og gefa út á netinu er viðmælandi Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Stúdentaspjallið: „Hvað eru eiginlega gæði náms?“ er ný og frumleg tilraun til þess að kynna gæðamál á máli sem flestir skilja. Hlaðvarpið hefur fengið góðar viðtökur hérlendis en einnig hafa stúdentafulltrúar í gegnum samstarf ESU sýnt hlaðvarpinu áhuga. Stefnt er að því að halda Stúdentaspjallinu áfram á næstu árum þar sem önnur mál verða tekin fyrir.

4.7. Samkomulag á milli stúdenta og háskóla um stúdentafulltrúa

Á þessu ári eftir innblástur frá gestafyrirlesurum á ráðstefnunni *Hágæði í háskólum og nærumhverfi þeirra eða hvað* var hafin vinna að gerð samkomulags milli stúdenta og háskóla um þátttöku stúdenta á jafningjagrundvelli að írskri fyrirmynd sem nefnist þar Student Partnership Policy - Trinity College Dublin. Tilgangur með slíku samkomulagi er annars vegar að samræma starf stúdentafulltrúa á landsvísu og hins vegar að styrkja stöðu þeirra sem virka samstarfsaðila í öllu starfi háskólanna. Þá er liður í þessari vinnu að samstillja og einfalda boðleiðir stúdentafulltrúa bæði innan háskólanna og í samstarfi við LÍS með gerð skipurits/skema. Lagt er upp með að samkomulagið verði lagt fyrir öll aðildarfélögin til samþykktar. Haldið verður áfram með gerð samkomulagsins og skipuritsins/skemans og áhersla lögð á innleiðingu á næsta starfsári.

5. Jafnréttismál

5.1. Almennt

Starfsár jafnréttisnefndar 2018-2019 gekk vel og var fundað að meðaltali einu sinni til tvisvar í mánuði. Skipulagðir fundir voru samtals tíu talsins yfir starfsárið.

Stærsta verkefni nefndarinnar var að skrifa jafnréttisstefnu LÍS. Stefnan var unnin upp úr efni sem varð til á vinnustofum landsþings 2018 þar sem þemað var „Jafnrétti til náms: Hvað er jafnt aðgengi að námi og hvernig tryggjum við það“.

LÍS sendi út stuðningsyfirlýsingu vegna Druslugöngunnar í júlí þar sem samtökin kölluðu eftir því að allir háskólar á Íslandi hafi góða og skýra verkferla þegar upp kemur kynbundin og/eða kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi innan sinna stofnanna, með það að markmiði að veita þolendum stuðning og beina máli þeirra í réttan farveg. Einnig tóku LÍS þátt í Gleðigöngunni í ágúst. Sonja Björg jafnréttisfulltrúi skrifaði pistil í tilefni 5 ára afmælis samtakanna þar sem hún fjallaði um aðgengi í háskólasamfélaginu. Hún tók einnig þátt í pallborðsumræðum í Háskóla Íslands á málþingi um innflytjendur í háskólanámim á jafnréttisdegi háskólanna 2019. Elsa formaður fór á samráðsfund jafnréttisfulltrúa háskólanna og er markmiðið að jafnréttisfulltrúi LÍS fái að sitja reglulega á fundum með þeim. Einnig flutti hún erindi á málþingi Norrænu

velferðarmiðstöðvarinnar í stað Sonju sem forfallaðist. Málþingið fjallaði um hreyfanleika fatlaðra stúdentna innan Norðurlanda.

Áframhaldandi vinna í jafnréttismálum á vegum LÍŠ hélt áfram þar sem lagt var lokahönd á vefsíðuna Réttinda-Ronju og stefnt er að því að ný síða hennar opni í haust.

5.1.1. Jafnréttisnefnd

Nefndarmeðlimir:

Sonja Björg Jóhannsdóttir, formaður

Alexandra Geirsdóttir

Arna Guðnadóttir

María Rún Þrándardóttir

Sigrún Alua

5.2. Jafnréttisstefna LÍŠ

Fyrsta jafnréttisstefna LÍŠ var skrifuð á starfsárinu. Stefnan er fyrsta jafnréttisstefna sem allir stúdentar á Íslandi, sem og íslenskir stúdentar erlendis koma að. Unnið var úr efni landsþings 2018 þar sem þemað var „Jafnrétti til náms: Hvað er jafnt aðgengi að námi og hvernig tryggjum við það“. Mismunandi þemu voru unnin í hópum á þinginu og ákvað jafnréttisnefnd að skipta þeim þemum á milli sín og hreinskrifa texta upp úr því til þess að nota í stefnuna. Það tók þó nokkurn tíma að skrifa stefnuna upp og sjá hvernig hún ætti að vera uppbyggð. Framkvæmdarstjórn LÍŠ las yfir hana þegar hún var ennþá í þróun og kom með breytingartillögur sem nefndin gat nýtt sér til þess að hreinskrifa hana. Þegar jafnréttisnefnd LÍŠ hafði unnið sína vinnu hittist framkvæmdarstjórn LÍŠ til að fara yfir stefnuna og breytti og bætti eins og þurfti. Að lokum fór stefnan í yfirllestur hjá Öryrkjabandalagi Íslands og Q-félagi, hinsegin stúdentna. Stefnan verður lögð fyrir á landsþingi LÍŠ 2019 þar sem hún verður rædd og endanlega lögð fram til samþykktar.

5.3. Réttinda-ronja

Þeir starfsmenn sem ráðnir voru að klára Réttinda-Ronju, Alex Giannakos og Pétur Húni, héldu áfram sinni vinnu í að klára heimasíðuna. Tekin var sú ákvörðun að Ágúst Björg Kettler, fyrrum

jafnréttisfulltrúi LÍS myndi fylgja verkefninu í höfn, enda verkefnið á síðustu metrunum. Ágústa var tengiliður Réttinda-Ronju og framkvæmdastjórnar LÍS og kom upplýsingum á milli. Ný heimasíða Réttinda-Ronju er að verða tilbúin og er stefnt að því að opna hana í haust. Því er mikilvægt að jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd LÍS kynni heimasíðuna vel fyrir öllum stúdentum þegar hún fer í loftið í nánu samstarfi við markaðsstjóra og hagaðila.

6. Markaðsmál

6.1. Almennt

Sandra Rún Jónsdóttir, var markaðsstjóri LÍS í upphafi starfsárs. Þegar leið á veturinn sagði Sandra af sér sem markaðsstjóri vegna veikinda og bauð Kamilla sig fram í embætti markaðsstjóra og var kjörin markaðsstjóri í byrjun desember. Þá voru tveir nefndarmeðlimir eftir þeir Tómas Leó og Ingi Gunnar. Í byrjun febrúar 2019 kom inn nýr nefndarmeðlimur, Eygló Kristinsdóttir.

6.1.1. Markaðsnefnd

Nefndarmeðlimir:

Kamilla Dögg Guðmundsdóttir, formaður

Ingi Gunnar Kristbergsson

Tómas Leó Halldórsson

Eygló Kristinsdóttir

6.2. Kynningar á LÍS

6.2.1. Kynningarfundir með aðildarfélögum

Á starfsárinu voru haldnir kynningarfundir með fimm af átta aðildarfélögum samtakanna. Sá fyrsti var haldinn með Stúdentaráði Háskóla Íslands þar sem samtökunum var boðið að koma og halda kynningu á fræðslukvöldi Stúdentaráðs. Þar er nýjum stúdentaráðsliðum kynntir þeir vettvangar sem þeir geta nýtt sér til að hafa áhrif og beitt sér fyrir hagsmunum stúdenta. Elsa María og Teitur héldu kynningu á starfsemi samtakanna og tóku við spurningum.

Á nýnemadögum Háskólans á Bifröst var samtökunum boðið að koma og halda kynningu á starfseminni. LÍŠ fengu úthlutuðum tíma á fundi með öllum nýnemum skólans sem saman voru komnir á Bifröst. Þar hélt Teitur kynningu fyrir alla viðstadda og tók við spurningum eftir á.

Á nýnemadögum Háskólans í Reykjavík var samtökunum boðið að koma og vera með kynningarbás. Þar stóð Elsa María vaktina og kynnti samtökin fyrir gestum og gangandi. Síðar var haldinn kynningarfundur með stjórn SFHR þar sem Elsa og Teitur komu saman og kynntu starfsemina fyrir stjórnarmeðlimum og svöruðu spurningum.

Teitur og Elsa ferðuðust einnig norður á Akureyri þar sem þau héldu opinn kynningarfund fyrir áhugasömum stúdentum í skólanum og svöruðu spurningum. Þau fóru þá líka á Hvanneyri og heimsóttu Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem þau fóru með stutta kynningu í hádegishléi í skólanum og upplýstu viðstadda um starfsemi samtakanna.

Það er mikilvægt að samtökin leggi rækt við það að kynna sína starfsemi ekki einungis fyrir stjórnarmeðlimum aðildarfélaga heldur einnig fyrir hinum almenna stúdent. Það tryggir að aðildarfélög eru upplýst um LÍŠ og starfsemi þeirra og auðveldar samskipti og samvinnu.

6.2.2. Framadagar

LÍŠ tók þátt á Framadögum þann 24. Janúar 2019 í annað sinn. Teitur stóð vaktina í HR á LÍŠ kynningarbásnum. Þar var mikill straumur manna og heppnaðist dagurinn einstaklega vel. Margir komu að LÍŠ básnum og fengu að heyra um okkar yndislegu samtök. Góður dagur í alla staði.

6.2.3. Háskóladagurinn

LÍŠ hélt áfram kynningu sinni á samtökunum á Háskóladeginum 2019. Básar á vegum LÍŠ voru í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Fulltrúar samtakanna dreifðu kynningareinblöðungum til gesta. Fjölmennt var á báðum stöðum og gekk dagurinn vel fyrir sig.

6.3. Fimm ára afmæli LÍŠ

Í tilefni af fimm ára afmæli LÍŠ var ákveðið að efna til röð greina um störf og sögu samtakanna. Greinarnar voru ýmist skrifaðar af fyrrverandi og núverandi lísurum og samstarfsaðilum samtakanna. Haldið var svo upp á afmæli LÍŠ með glæsibrag þann 3. nóvember 2019.

Í vikunni fyrir afmælið var Facebook leikur settur í gang þar sem einstaklingar áttu möguleika á að vinna sér inn hina ýmsu vinninga, svo sem gistingu og kvöldverð fyrir tvo á Hótel Hraunsnef og gjafarbréf í Laugarvatn Fontana. Markmið leiksins var að auka sýnileika samtakanna og afmælisins í leiðinni. Þá voru þátttakendur beðnir um að líka við FB síðu LÍŠ, deila leiknum og bjóða einhverjum í afmælispartý LÍŠ sem haldið var á bar Ananas til þess að eiga möguleika á að vinna eitthvað að upptöldum vinningum. Þá var einnig dregið úr afmælisleiknum á Bar ananas. Yfir daginn sjálfann var haldin ráðstefna þar sem aðal áherslan var lögð á aðildarfélögin, uppbyggingu þeirra, helstu áskoranir og framtíðar samstarf með LÍŠ. Á ráðstefnuna mættu einnig erlendir gestir sem heldu öll stutta fyrirlestra um það helsta sem þeirra samtök vinna að. Þá stjórnaði Oisín líka vinnustofu þar sem aðildarfélög LÍŠ kortlögðu starfssemi sína, baráttumál og hindranir.

Um kvöldið var öllum þeim sem komið hafa að starfi samtakanna og í gegnum árin og öðrum velunnurum boðið að fagna tímamótunum með okkur. Á dagskrá voru meðal annars ávörp frá núverandi og fyrrverandi formönnum LÍŠ, rektors Háskólans á Akureyri, uppistand frá fyndnasta háskólanemanum, Alice Bower og söngatriði frá Söndru Rún Jónsdóttur. Síðar um kvöldið bauð LÍŠ í opið partý á Bar ananas og sem var mætt vel í.

6.4. Herferð um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna



Í lok janúar var lagst í herferð um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir yfirskriftinni *Stúdentar mega ekki hafa það betra* þar sem áhersla var lögð á úthlutunarreglur sjóðsins. Kröfur stúdenta

voru að frítekjumark yrði hækkað úr 930 þúsund krónum í 1.330.000 kr og að grunnframfærsla yrði hækkuð. Unnið var mjög náðið með Stúdentaráði Háskóla Íslands í þessari vinnu, en þau eiga þakkir og hrós skilið fyrir sinn veigamikla part í þessari vinnu. Unnið var með auglýsingastofunni Johnson og LeMack sem gerðu grafík fyrir herferðina. Grafík herferðarinnar var sett upp í auglýsingaskiptum við þrjú strætóstopp í Reykjavík, við Háskóla Íslands, Lækjartorg og Ártún. Einnig var keyptur auglýsingatími á stórum LED skiltum í Reykjavík, Hafnafirði og Selfossi og plaköt prentuð út og send til allra aðildarfélaga til dreifingar innan háskóla landsins.

Staðið var fyrir greinaskrifum þar sem farið var ofan í úthlutunarreglurnar og kröfur



stúdentu. Greinar skrifuðu Elísabet Brynjarsdóttir, forseti SHÍ, Jóhann Gunnar Þórarinnsson, stjórnarformaður SÍNE og fulltrúi SÍNE í stjórn LÍN, Sólveig María Árnadóttir, formaður SHA, Elísa Björg Grímsdóttir, fulltrúi SHÍ í stjórn LÍN og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍS.

Elsa og Elísabet fóru í viðtal í útvarpsþættinum Harmageddon og tekið var viðtal við Jóhann í hádegisfréttum Bylgjunnar.

Þann 29. janúar 2019 mætti Aldís Mjöll Geirsdóttir, gæðastjóri LÍS og fulltrúi LÍS í verkefnastjórn um endurskoðun Lánasjóðsins Eygló Harðardóttur, stjórnarformanni LÍN í

viðtali í Kastljósi á Ríkissjónvarpinu. Aldís kom kröfum stúdentu skilmerkilega til skila og ýtti á stjórnarformann meðal annars með sláandi tölfraði um hrífækkandi fjölda lántakenda sem helst ekki í hendur við fækkun stúdentu í háskólakerfinu.


Ásamt þessu funduðu fulltrúar LÍS og SHÍ með þingmönnum Samfylkingar og Viðreisnar sem leiddi til þess að mennta- og menningarmálaráðherra var spurður í óundirbúnum fyrirspurnum um tilætlan sína varðandi úthlutunarreglur. Að endingu fengu síðan stúdentar fund með mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur þar sem stúdentar komu til skila sínum áherslum hvað varðaði úthlutunarreglur sjóðsins.

Smiðshögg herferðarinnar var síðan samstöðufundur stúdenta fyrir framan LÍN sem átti sér stað þann 24. febrúar á sama tíma og stjórnarfundur LÍN átti sér stað. Á fundinum var ákvarðað um tillögu stjórnar um úthlutunarreglur sjóðsins, en töluverður fjöldi stúdenta sótti fundinn ásamt þingmönnum Samfylkingar og Pírata og fulltrúum frá Bandalagi háskólamanna. Einnig fengu stúdentar stuðningsyfirlýsingar frá Bandalagi háskólamanna sem og samstarfsnefnd háskólastigsins, samráðsvettvangi rektora á Íslandi.

Herferðin gekk tvímælalaust vel og er það óhætt að segja að ekki hefur verið varpað ljósi á úthlutunarreglur Lánasjóðsins með svo áhrifamiklum hætti í lengri tíma. Í þessum skrifuðu orðum er beðið eftir endanlegum niðurstöðum um úthlutunarreglur LÍN fyrir 2019-2020.

6.5. Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍŠ

6.5.1. Heimasíða



Skipt var um lén á heimasíðu LÍŠ, áður var það haskolanemar.is en er í dag studentar.is. Í dag er verið að vinna að því að skipta um hýsingu á vefsíðunni frá Squarespace yfir í WordPress. Við þær breytingar verður einnig bætt við tveimur undirsíðum þar sem Réttinda Ronja og StudentRefugees síðurnar verða hýstar. Heimasíðan var nýttur sem kynningarvettvangur fyrir LÍN herferðina í janúar og greinaskrifarátakið sem ráðist var í í kring um fimm ára afmæli LÍŠ.

6.5.1.1. Fréttir

Á heimasíðu LÍŠ má finna fréttir um helstu störf og viðburði í daglegu starfi LÍŠ. Undir það fellur til dæmis að segja frá alþjóðlegum ráðstefnum, fundum, herferðum og pallborðsumræðum sem LÍŠ annað hvort tekur þátt í og/eða skipuleggur að öðru leyti. Þá er einnig skrifað um allar yfirlýsingar og ályktanir samtakanna í fréttum á heimasíðunni.

6.5.2. Facebook og twitter

Facebookar síða LÍŠ var mjög virk síðastliðið starfsár og aðalvettvangur samtakanna við auglýsinga á viðburðum sem haldnir voru á árinu, samningum og áföngum sem og kynningu á alþjóðastarfi samtakanna. Facebook síðan er notuð sem aðal vettvangur fyrir auglýsingar á vegum samtakanna í stöður til að mynda í nefndir og framkvæmdastjórn. Þá var þar einnig auglýst eftir grafískum hönnuði og þáttakendum fyrir verkefnið StudentRefugees.

Facebook síðan er einnig notuð til að deila öllu því sem gerist dags daglega í starfi samtakanna, sérstaklega þegar er verið að fara í kynningarátak með viðburði eða áfanga samtakanna. Til að mynda var hún aðal vettvangur fyrir birtingar á yfirlýsingum og stuðningi við LÍN herferðina sem og loftslagsverkfallið.

Fylgjendahópur samtakanna á Facebook og Twitter hefur stækkað á þessu starfsári sem hefur skilað aukinni þekkingu á starfi samtakanna.

6.5.3. Instagram



Instagram síða samtakanna hefur verið ágætlega virk á þessu starfsári og hefur fylgjenda hópurinn aukist töluvert og er komin í 369 einstaklinga. Instagram hefur verið notað helst í hefðbundnu kynningarstarfsemi á samtökunum og til að vekja athygli á því sem er í gangi að hverju sinni hjá samtökunum, líkt og afmæli, ferðir erlendis, fundir, LÍN herferð, landsþing, og lausar stöður í embætti framkvæmdastjórnar m.a.

Instagram story hefur einnig verið notað töluvert þar sem póstað hefur verið jafnóðum frá viðburðum,

fundum, hittingum og annað slíkt. Þá höfum við einnig notað story til þess að auglýsa í lausar stöður innana samtakanna líkt og í embætti framkvæmdastjórnar og fyrir StudentRefugees.

6.6. Varningur

Á þessu starfsári var pantaður ýmiskonar varningur merktur LÍŠ. Þá má m.a. nefna límmiða, tímabundin húðflúr, einblöðunga og penna sem notaðir hafa verið í kynningum á samtökunum ásamt fyrirbyggjandi LÍŠ varningi. Fyrir landsþingið voru pantaðar stílabækur sérmerktar LÍŠ. Allir gestir þingsins fá slíka stílabók, penna og þrennusokka að gjöf. Fyrir landsþingið í ár hannaði Sóldís Finnbogadóttir handbókina, banner fyrir samfélagsmiðla og nafnspjöldin. Við erum ótrúlega ánægð með útkomuna í ár og á Sóldís hrós skilið fyrir glæsilega og stílhreina hönnun. Fyrir landsþing var einnig pantaður nýr roll up standur og hannaði Tómas Leó sem er í markaðsnefnd LÍŠ myndina.

7. Fjármál

7.1. Almennt

Helstu verkefni fjármálastjóra á starfsárinu voru að koma á nýju skipulagi varðandi yfirlit yfir útgjöld samtakanna og reikninga. Aukið var um eitt stöðugildi (40%) á starfsárinu frá fyrra ári og kallaði það á breytingar við áætlun og útreikninga launa auk þess sem komið var á tímaskráningum starfsmanna til að halda utan um réttindi og skyldur starfsmanna og launaútreikninga. Komið var á fót nýjum verkreglum varðandi greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga. Einnig var komið á verkreglum um að fulltrúar LÍŠ skuli hafa meðferðis vegabréf og Evrópskt sjúkratryggingakort þegar ferðast er erlendis á vegum samtakanna auk þess sem alþjóðaforseti skal hafa kreditkort á sínu nafni frá samtökunum meðferðis. Farið var yfir þá peningastyrki sem samtökunum hafa borist vegna sérverkefna, s.s. Réttinda Ronju og Student Refugees og stofnaður sér styrkjareikningur sem einungis er tekið út af til að greiða kostnað vegna slíkra sérverkefna. Útbúin voru vinnuskjöl til að halda utan um fjárhagsáætlun, raunkostnað og stöðu hvers verkefnis. Gerðir voru samningar við fyrirtæki í formi styrkja og afsláttakjara.

Fjármálanefnd hefur það hlutverk að halda utan um fjármál, bókhald og fjármögnun samtakanna. Nefndin hittist reglulega yfir starfsárið, á fundum og í fjarbúnaði. Haldnir voru vinnufundir auk þess sem nefndarmeðlimir sinntu verkefnum á starfstímanum, s.s. að fara yfir útgjöld og stöðu reikninga og aðstoða við launagreiðslur. Fjármálanefnd sinnti mörgum ólíkum verkefnum á starfsárinu og sá um ýmislegt í kringum viðburði sem haldnir voru á vegum LÍS, líkt og BORE Gæðaráðstefnu, 5 ára afmæli LÍS, NAIS ráðstefnu og hópefli. Sá nefndin m.a. um að bóka þjónustu og viðburðarstaði, versla veitingar og elda, leita styrkja og samstarfssamninga auk þess að aðstoða við uppsetningu og undirbúning sem og viðburðina sjálfa. Vann nefndin vel með meðlimum framkvæmdastjórnar við þessi störf.

7.1.1. Fjármálanefnd

Nefndarmeðlimir:

Kristín Þóra Jónsdóttir, fjármálastjóri

Aníta Eir Jakobsdóttir

Ísak Eyfjörð Arnarson

Tómas Kolbeinn Georgsson

7.2. Umsókn um styrk hjá Erasmus+

Á síðasta starfsári var sótt um styrk frá Erasmus+ undir flokknum *Fundir ungs fólks og ráðamanna* til þess að geta haldið landsþing LÍS 2018. Hlaut landsþingið styrkúthlutun og var ákveðið að sækja um að nýju fyrir landsþing 2019.

Umsóknin var unnin af Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur, formanni LÍS og Teiti Erlingssyni, varaformanni. Mikil vinna fer í umsóknir sem þetta, en það er farið fram á mjög ítarlegar upplýsingar um dagskrá og uppsetningu þingsins í umsóknarforminu sem og mati á innleiðingu og samfélagslegum áhrifum sem sú vinna sem þar fer fram hefur.

Það var nýtsamlegt að geta byggt á fenginni reynslu frá síðastliðnu starfsári, en það gerði handtökin auðveldari. Greinargóð skil á öllu því sem var farið fram á varð til þess að umsóknin var samþykkt og hlaust styrkur til þess að halda landsþing að öðru sinni sem létti róðurinn umtalsvert.

8. Innra starf

8.1. Nýtt skipulag LÍS

Á landsþingi LÍS 2019 var nýtt skipulag samtakanna samþykkt. Breytingarnar voru töluverðar og fólust í því að fulltrúaráð var sett á laggirnar þar taka sæti tveir fulltrúar og tveir varafulltrúar frá öllum aðildarfélögum. Einnig varð þá mynduð ný framkvæmdastjórn átta embætta sem kjörin eru óháð aðildarfélögum. Fulltrúaráð fer með ákvörðunarvald á milli landsþinga og framkvæmdastjórn sækir heimild sína þangað.

8.2. Laga- og verklagsbreytingar

8.2.1. Almenn

Á árinu var lögum samtakanna breytt á ýmsan hátt. Þar ber hæst tillaga að breytingu á útreikningi árgjalda aðildarfélaga. Settur var á fót starfshópur þar sem öll aðildarfélög áttu einn fulltrúa sem fundaði um breytingar á útreikningi árgjalda samtakanna. Þar var lögð til sú breyting að föst upphæð árgjalda yrði reiknuð út miðað við fjölda landsþingsfulltrúa hverju sinni. Þá var ákveðið að leggja fram tillögu um breytt lög um skipulagningu landsþings. Síðastliðin ár hafa aðildarfélög skiptst á að halda landsþing með framkvæmdastjórn. Sú breyting var lögð til að á hverju ári verði starfrækt landsþingsnefnd og í henni sitji fulltrúar úr framkvæmdastjórn sem og einn fulltrúi úr hverju aðildarfélagi. Lagðar voru til tvær nafnbreytingar á embættum framkvæmdastjórnar, formaður og varaformaður breytist í forseti og varaforseti og alþjóðaforseti breytist í alþjóðafulltrúa. Lagt var til að reikningsár samtakanna hefjist í janúar og nái yfir almannaksárið til að auðvelda gerð ársreikninga. Þá var embættisheiti fjármálastjóra breytt í fjáröflunarstjóra og umsjón fjármála var færð yfir á framkvæmdastjóra sem ráðinn verður í upphafi næsta starfsárs. Í stað þess tók fjáröflunarstjóri á sig skyldur við samningagerð, fjáröflun og viðburðastjórnun. Á liðnu starfsári ákvað framkvæmdastjórn að ráðast í nokkrar stórar breytingar á lögum samtakanna til þess að einfalda og betrubæta starf þeirra.

Á verklagi samtakanna voru gerðar nokkrar breytingar. Sett var á viðmið um svörun fundarboða fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar. Framkvæmd skýrð við gerð yfirlýsinga

samtakanna, skipunarferli í nefndir var breytt sem og staðfestingu í nefndir. Þá var skrifuð grein um skipun fulltrúa LÍS í opinberar nefndir og starfssvið kjörstjórnar skýrt, bæði hvað varðar kosningar á landsþingi og aðdraganda þeirra. Sett var á dagpeningakerfi í ferðum alþjóðlegra fulltrúa LÍS og hlutverk þeirra skýrt.

Tvær umsóknir bárust í lagabreytinganefnd og var önnur umsóknin dregin til baka. Varaformaður tók því ákvörðun um að nefndin yrði ekki starfrækt með hefðbundnum hætti þetta árið. Laga- og verklagsbreytingum sinntu Sigrún Jónsdóttir, ritari LÍS, og Teitur Erlingsson, varaformaður. Þau funduðu sex sinnum yfir árið.

8.2.2. Lagabreytingarnefnd

Nefndarmeðlimir:

Teitur Erlingsson, formaður

Sigrún Jónsdóttir

9. Önnur verkefni

9.1. Student Refugees

Sú hugmynd kom í upphafi starfsárs að setja á laggirnar nýtt verkefni sem fengið er að danski fyrirmynd og kallast Student Refugees. Student Refugees er vefsíða með öllum þeim upplýsingum sem flóttafólk þarf á að halda til þess að sækja um háskólanám. Stúdentar höfðu kallað eftir frekari úrræðum fyrir flóttafólk á Íslandi til að sækja sér háskólamenntun, auk þess sem nýjar úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2018-2019 gáfu flóttafólki möguleika á því að taka námslán. Þess vegna var ákveðið að fara að stað með þetta verkefni á vegum LÍS.

Salka alþjóðaforseti og Sonja Björg jafnréttisfulltrúi voru verkefnastýrur verkefnisins. Salka fór á fund í Kaupmannahöfn með Teiti varaformanni og Studenterhuset sem sér um verkefnið í Danmörku. Á þeim fundi fékk LÍS leyfi til þess að taka verkefnið hjá þeim til Íslands og færa það yfir á íslenska staðla. Salka og Sonja skoðuðu dönsku vefsíðuna, gerðu fjárhagsáætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið á Íslandi og sóttu um styrki á nokkrum stöðum. Síðan var opið kall fyrir starfshóp verkefnisins. Alls sóttu 8 manns um sem öll voru talin vera hæf til þess að taka þátt

í starfshópnum. Þegar leið á starfsárið voru tveir sem sáu sér ekki fært um að halda áfram og ein bættist við á miðju starfsári svo að í heildina sitja sjö meðlimir auk tveggja verkefnastýra.

Salka og Sonja sóttust eftir að vera í samstarfi við félög sem eru sérfræðingar í málefnum flóttafólks. Þær fóru á fundi með Rauða Krossi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Enic/Naric - upplýsingaskrifstofu Íslands. Öll þessi félög tóku vefsíðunni fagnandi og vildu endilega vera í samstarfi við okkur. Starfshópurinn fór m.a á námskeið hjá Rauða Krossinum er varða flóttafólk sem var mjög fróðlegt.

Verkefnið fékk styrk upp á 500.000 ISK frá Landsbankanum og fékk einnig styrk frá ESU í gegnum styrkinn „Together moving forward” en sá styrkur var upp á €8.000. Styrkirnir voru kærkomnir því þar með var unnt að ráð vefhönnuð og grafískan hönnuð til þess að setja upp vefsíðuna.

Starfshópurinn er nú á fullu að safna gögnum í gagnagrunn fyrir vefsíðuna og er búið að auglýsa eftir umsóknum í starf vef- og grafísku hönnuðs. Stefnt er á að vefsíðan opni í ágúst 2019.

Starfshópur Student Refugees:

Salka Sigurðardóttir (Verkefnastýra)

Sonja Björg Jóhannsdóttir (Verkefnastýra)

Eva Laufey Eggertsdóttir

Iris Valckx

Kristín Þóra Jónsdóttir

María Lea Ævarsdóttir

Serge David

Sigrún Alua

Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

10. Umsagnir, bréf og yfirlýsingar

10.1. Umsögn vegna nýrra úthlutunarreglna LÍN 2018-2019

Samtökin sendu frá sér umsögn þann 1. apríl 2018 um úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2018-2019 þar sem vonbrigðum var lýst með niðurstöðuna. Kallað var eftir hækkun frítekjumarks, hækkun framfærslulána, lækkun skerðingarhlutfalls og auknum sveigjanleika í kerfinu.

Viðhengi 20: Umsögn

10.2. Yfirlýsing vegna hafinnar vinnu við gerð menntastefnu Íslands til ársins 2030

Þann 18. júní 2018 sendu samtökin frá sér yfirlýsingu þar sem þau fögnuðu hafinni vinnu við gerð heildstæðrar menntastefnu Íslands til 2030. Í yfirlýsingunni gerðu þau grein fyrir mikilvægi þess að til staðar sé góð og heildstæð menntastefna og lögðu áherslu á aðkomu stúdenta við gerð stefnunnar.

Viðhengi 21: Yfirlýsing

10.3. Yfirlýsing í ljósi endurskipunar í embætti framkvæmdastjóra LÍN

Þann 19. júní 2018 sendu samtökin frá sér yfirlýsingu þar sem þau lýstu yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð mennta- og menningarmálaráðuneytisins er endurskipað var í framkvæmdastjóra LÍN. Staðan var ekki auglýst eins og ráðherra hafði sagt að yrði á landsþingi samtakanna 2018 og því var ferlið langt frá því að vera gagnsætt og opið

Viðhengi 22: Yfirlýsing

10.4. Stuðningsyfirlýsing vegna Druslugöngunnar 2018

Samtökin sendu frá sér yfirlýsingu þann 28. júlí 2018 til stuðnings druslugöngunnar og kölluðu eftir því að allir háskólar á Íslandi hafi góða og skýra verkferla þegar upp kemur kynbundin og/eða kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi innan sinna stofnanna, með það að markmiði að veita þolendum stuðning og beina máli þeirra í réttan farveg.

Viðhengi 23: Yfirlýsing

10.5. Bréf til félags- og jafnréttismálaráðherra um samstarf við stúdentahreyfingar um uppbyggingu félagslegs húsnæðis

Þann 18. september 2018 sendu LÍS bréf til félags- og jafnréttismálaráðherra. Fram kom í máli ráðherra á Alþingi að hann hefði haft samráð við stúdentahreyfingar landsins um 800 milljón króna aukningu á stofnframlagi til uppbyggingar á félagslegu húsnæði. Hvorki LÍS né aðildarfélög þess höfðu orðið vör við að samráð hefði verið haft við þau varðandi þetta mál en lýstu yfir vilja til samráðs um þetta mál eins og öll önnur hagsmunamál stúdenta.

Viðhengi 24: Bréf

10.6. Yfirlýsing vegna fjárlagafrumvarps 2019

Þann 20. september 2018 sendu samtökin frá sér harðorða yfirlýsingu um frumvarp til fjárlaga 2019. Þar var harðlega gagnrýnd sú staðreynd að ekki var aukið við rekstrarframlög háskólana um nema 152,5 milljónir og dugði það skammt til að ná meðaltali OECD ríkjanna. Þá var harðlega gagnrýnt að sú aukning sem varð á fjárframlögum til LÍN var aðeins til að koma til móts við nýjar úthlutunarreglur en ekki nýtt frumvarp.

Viðhengi 25: Yfirlýsing

10.7. Stuðningsyfirlýsing við SHÍ vegna tanngreininga á hælisleitendum innan Háskóla Íslands

Þann 6. nóvember 2018 lýstu samtökin yfir andstöðu sinni við að aldursgreiningar á hælisleitendum eigi sér stað innan menntastofnana á Íslandi og hvöttu Háskóla Íslands til þess að undirrita ekki þjónustusamning þess efnis. LÍS tóku undir afstöðu SHÍ um að háskólar séu menntastofnanir og ekki til þess fallnar að framkvæma slíkar rannsóknir.

Viðhengi 26: Yfirlýsing

10.8. Stuðningur við doktorsnema vegna niðurskurða til rannsóknasjóðs

Þann 4. desember var samþykkt að lýstau yfir stuðningi við yfirlýsingu þar sem niðurskurði á Rannsóknarsjóði í fjárlögum 2019 var mótmælt.

Viðhengi 27: Yfirlýsing

10.9. Umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur

Þann 6. desember 2018 sendu samtökin inn umsögn þar sem þau lýstu yfir stuðningi við mál 140 um breytingar á reglum um húsnæðisbætur þar sem breyta átti lögum í hag stúdenta og fatlaðra einstaklinga. Breytingin gerir einstaklingum kleift að sækja um húsaleigubætur sitt í hvoru lagi þó að þeir lifi í sama húsnæði og það húsnæði sé ekki opinberlega skilgreint sem stúdentagarðar eða sérúrræði.

Viðhengi 28: Umsögn

10.10. Umsögn við tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi

Þann 14. janúar 2019 var send inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Áformunum var fagnað í heild sinni en þó var nokkrum athugasemdum komið á framfæri. Vakin var athygli á því að kennsla á ensku á öllum stigum innan háskólanna er mikilvæg bæði til að stuðla að alþjóðavæðingu og tryggja jafnrétti til náms. Þá er mikilvægt að auka aðgang alþjóðlegra stúdenta að íslenskukennslu til að auðvelda aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og til að efla framgang íslenskunnar.

Viðhengi 29: Umsögn

10.11. Yfirlýsing vegna starfsnáms stúdenta

Þann 22. janúar 2019 lýstu samtökin yfir stuðningi við athugasemdir BHM við auglýsingu félagsmálaráðuneytisins um ólaunað starfsnám. Stefna samtakanna er skýr, starfsnám við

opinberar stofnanir eða fyrirtæki rekin í hagnaðarskyni skal ávallt vera launað. Þá var krafa samtakanna um skýran lagaramma í kring um starfsnám á háskólastigi ítrekuð en vorið 2017 kölluðu LÍS og BHM eftir því að slíkur rammi yrði settur en aðeins gilda lög um starfsnám á framhaldsskólastigi.

Viðhengi 30: Yfirlýsing

10.12. Athugasemdir við fjárhagsáætlun ríkisins 2020-2024

Drög að fjármálaáætlun voru send samtökunum til umsagnar sem var síðan send inn 8. febrúar 2019. Þar komu ekki fram breytingar á fjármögnun LÍN í samræmi við þau loforð sem höfðu verið gefin og var það gagnrýnt. Þá var einnig kallað eftir því að inn í markmið fjármálaáætlunar kæmi skýrt ákvæði um lagasetningu í kring um starfsnám á háskólastigi í samræði við fyrri yfirlýsingar BHM og LÍS.

Viðhengi 31: Umsögn

11. Samtal við stjórnmalaflokka

LÍS áttu nokkra fundi með þingmönnum flokka, þá fyrst og fremst til þess að ræða áherslur samtakanna um Lánasjóð íslenskra námsmanna og svo aðgerðir vegna loftslagsbreytinga í kjölfar upphafs loftslagsverkfalls á Íslandi. Þann 28. janúar hitti Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur, formann, Teit Erlingsson, varaformann og Sonju Björgu Jóhannsdóttur, jafnréttisfulltrúa til þess að ræða LÍN og önnur áherslurmál, svo sem húsnæðismál. Þann 19. febrúar sótti Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður, fundi annars vegar með Loga Einarssyni, þingflokksformanni Samfylkingarinnar og Þorgerði Katrínu Gunnardóttur, þingflokksformanni Viðreisnar, ásamt fulltrúum frá Stúdentaráði Háskóla Íslands til þess að ræða áherslur vegna úthlutunarreglna Lánasjóðs. Allir þessir fundir gengu vel og leiddu til þess að ráðherra var spurður út í tilætlan sína vegna úthlutunarreglna í óundirbúnum fyrirspurnum á þingi.

Þann 26. febrúar fór Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, ásamt Sigurði Thorlacius, ritara Ungra umhverfissinna, Gunnhildi Fríðu Hallgrímsdóttur, formanni Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Elísabetu Brynjarsdóttur, forseta Stúdentaráðs Háskóla Íslands, á fund með umhverfis og auðlindaráðherra Guðmundi Inga Guðbrandssyni. Fundurinn var til þess gerður

að ræða aðgerðir vegna loftslagsmála í kjölfar fyrsta loftslagsverkfallsins hér á landi. Fundurinn var góður, þar sem ræddir voru hinir ýmsu kantar sem þarf að hafa í huga þegar kemur að því að ná árangri í loftslagsmálum. Ráðherra lagði áherslu á það að mikilvægt sé að atvinnulíf og aðrir samfélagshópar leggi sitt til málanna. Fulltrúar verkfallsins eru sammála, en ekki má gleyma því að stjórnvöld bera höfuðábyrgð og þurfa að draga vagninn. Einnig sóttu sömu einstaklingar fund með þingmönnum Pírata, Smár McCarthy og Halldóru Mogensen og ræddu mögulegar aðgerðir í loftslagsmálum að hálfu stjórnvalda.

Þann 25. mars áttu fulltrúar loftslagsverkfallsins fund með forsætisráðherra Katrínu Jakobsdóttur, þar sem ræddar voru aðgerðir stjórnvalda vegna loftslagsmála. Fundurinn var góður og Katrín tók vel í innlegg fulltrúanna, en gaman verður að sjá hver eftirleikurinn verður.

Viðhengi 32: Erindisbréf fyrir fund með umhverfis- og auðlindaráðherra

Viðhengi 33: Erindisbréf fyrir fund með forsætisráðherra

11.1. Aðrir fundir með hagaðilum

Á starfsárinu sóttu samtökin nokkra fundi með ólíkum hagaðilum. Þann 23. nóvember 2018 sótti Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍŠ, fund samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna. Þar var Elsa með stutta kynningu á LÍŠ og þá sérstaklega jafnréttisstarfsemi samtakanna. Góðar umræður spruttu upp á fundinum og lagt var upp með það að jafnréttisfulltrúi LÍŠ og samráðsvettvangurinn myndu hittast allavega einu sinni á ári til þess að bera saman bækur og ræða þau verkefni sem fyrir liggja.

Þann 6. desember 2018 sóttu Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður og Teitur Erlingsson, varaformaður, fund með Allsherjar- og menntamálanefnd þar sem þau fengu tækifæri til þess að kynna LÍŠ og starfsemi samtakanna fyrir nefndinni. Meðlimir nefndarinnar spurðu út í starfsemi LÍŠ, þá sérstaklega gæðastarf og vinnu samtakanna sem snýr að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Fundurinn gekk mjög vel og víst að meðlimir nefndarinnar þekkja nú til LÍŠ og starfseminnar.

Þann 24. febrúar 2019 sóttu Elsa María Guðlaugs Drífudóttir formaður og Teitur Erlingsson varaformaður fund með samstarfsnefnd háskólastigsins, sem er samráðsvettvangur rektora allra íslenskra háskóla. LÍŠ höfðu upphaflega leitast eftir því að komast á fund með samstarfsnefndinni

á haustmánuðum 2018 en samtökin hafa ekki áður komið á fund með þeim. Á fundinum fóru formaður og varaformaður yfir starfsemi LÍS og svöruðu spurningum rektora. Rektorar hrósuðu LÍS fyrir gott starf og þá sérstaklega á sviði gæðamála. Fulltrúar samtakanna lögðu það til að LÍS og samstarfsnefndin myndu hittast að jafnaði einu sinni á ári til þess að fara yfir þau verkefni sem liggja fyrir og heyra hvernig hljómurinn er hjá aðilum varðandi ólík mál. Enda er það ekki vafamál að sterkara er ef rektorar og forsvarsmenn stúdenta koma samstilltir til leiks þegar kemur að sameiginlegum hagsmunamálum. Formaður og varaformaður lögðu við lok fundar fram tillögu að stuðningsyfirlýsingu rektora við baráttu LÍS fyrir bættum úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fór það svo að samstarfsnefndin sendi frá sér stuðningsyfirlýsingu sem nýttist í baráttu stúdenta, sem leggur vonandi grunnin að farsælu samstarfi til framtíðar.

12. Þátttaka í pallborðum og málþingum

Þann 17. október 2018 stóð Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands fyrir hringborðsumræðum. Það var skýrsla Sameinuðu þjóðanna *the Missing Peace* til umræðu og tækifæri Íslands til þess að marka stefnu þegar kemur að málefnum ungs fólks, friði og öryggi. Hringborðið sóttu ýmsir aðilar, meðal annars frá Rauða Krossinum, þingflokki, UNICEF á Íslandi, Hugrónu Geðfræðslufélagi, Stúdentaráði Háskóla Íslands og Landssambandi ungmennafélaga. Umræður voru góðar og greinilegt að við borðið ríkti vilji til samfélagslegra framfara.

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður LÍS, var með erindi um stefnur og áherslur stúdenta á málþingi á vegum Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar um hreyfanleika stúdenta með fatlanir innan Norðurlandanna sem haldið var 15. nóvember 2018 í Norræna húsinu. Aðrir sem til máls tóku voru Rúna V Guðmarsdóttir, sérfræðingur frá Rannís, Una Strand, sérfræðingur Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Steinunn Þóra Árnadóttir, þingkona Vinstri Grænna, Kjetil Knarlag, frá NTNU háskólanum í Þrándheimi, Freyja Haraldsdóttir, fötlunaraktívisti og Rannveig Traustadóttir, forstöðukona Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.

Sonja Björg Jóhannsdóttir, jafnréttisfulltrúi LÍS, tók þátt í pallborðsumræðum á málþingi Jafnréttisdags háskólanna þann 14. febrúar 2019. Málþingið bar yfirskriftina *Innflytjendur og háskólamenntun*, á því fór fram kynning á rannsóknarverkefninu *Væntingar og tækifæri innflytjenda á Íslandi til háskólamenntunar og áskoranir henni tengdar*. Pallborðið sátu ásamt

Sonju Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektr kenndu og þróunar í Háskóla Íslands, Nichole Leigh Mosty, fulltrúi WOMEN á Íslandi, Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ, Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, Katrín Ólafsdóttir, formaður Jafnréttisnefndar HR og Derek Allen, formaður Alþjóðanefndar SHÍ.

Þann 13. mars 2019 sótti Elsa María Guðlaugs Drífudóttir teboð í boði Andrésar Jónssonar, almannatengils. Teboðið sækja hinir ýmsu aðilar úr samfélaginu, en þar Elsa beðin um að vera með stutt ávarp undir yfirskriftinni *Eitthvað sem þarf að endurhugsa*. Elsa talaði um loftslagsbreytingar og nauðsyn þess að allir sem hafa einhver völd og tækifæri til þess að stuðla að breytingum leggi sitt til málanna. Einnig hvatti hún alla eindregið til þess að taka þátt í loftslagsverkfallinu sem hafði þá átt sér stað þrisvar sinnum.